

SHAUÐÖR  
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Fólk  
Fasteignir.is



Býr til fjandafælu

Edda Katrín Ragnarsdóttir ræktaði saltkristalla á snæri. Saltbjörg nefnist snærið og er fjandafæla samkvæmt gamalli hjátrú.  
fólk



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

18. júní 2012  
141. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt pöntun/ákómum Capacent Gallup júní - mars 2012



## Barbí keyrir Barbí-bíl

Ingibjörg er kölluð Barbí og er með nafnið flúrad á sig og bílnúmer í stíl.

popp 26

## Á leiðinni í flug

„Sjálftæðisflokkurinn mælist með meira fylgi en nokkru sinni,“ segir Guðmundur Andri Thorsson.

í dag 13




## Full bjartsýni

Sundkonan Ragnheiður Ragnarsdóttir gerir sér enn vonir um Ólympíusæti.

sport 20

## veðrið í dag



STÖKU SKÚRIR í dag verða norðvestan 3-8 m/s eða hafgola. Skýjað með köflum en víða hætt við síðdegisskúrum. Hiti 6-16 stig.

VEÐUR 4

## Væl gagnist tær

er færeyska og merkir hið sama og „verði þér að góðu“.



Knorr kemur með góða bragðið!

# Ný tækni eykur lyfjaöryggi

Íslenskt fyrirtæki hefur þróað lyfjaskanna sem ber kennsl á lyf. Getur komið í veg fyrir nær öll mistök sem við skömmtun, pökkun og lyfjagjöf. Mikill áhugi er á skannanum erlendis. Framleiðslan verður á Íslandi.

**TÆKNI** Íslenskt hátækniyrirtæki, Mint Solutions, hefur þróað lyfjaskanna sem gjörbyltir öryggismálum vegna lyfjagjafar á sjúkrahúsum. Skönnun lyfjanna fer fram á stofu sjúklingsins rétt áður en honum eru gefin lyfin. Hjúkrunarfræðingar geta því komið í veg fyrir nær öll þau mistök sem orðið geta við skömmtun, pökkun og lyfjagjöf, að því er Gauti Þór Reynisson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins og einn stofnenda þess, greinir frá.

„Þetta er í raun tæki sem vinnur með hjúkrunarfræðingunum. Það ber kennsl á lyf og hjálpar þannig til við að greiða úr þeim flækjum sem upp geta komið.“

Að sögn Gauta hefur í raun ekki verið til nein handhæg lausn við



Þetta er alþekkt vandamál í heilbrigðisgeiranum.

GAUTI ÞÓR REYNISSON  
FRAMKVÆMDASTJÓRI MINT SOLUTIONS

vandamálum sem geta komið upp við lyfjagjöf. „Í niðurstöðum rannsóknar sem birtar voru fyrir um mánuði í Hollandi er greint frá því að árlega deyja 1.200 manns þar í landi vegna lyfjamistaka. Þetta er

alþekkt vandamál í heilbrigðisgeiranum en erfitt hefur verið að vinna bug á því hingað til.“

Gauti getur þess að helsti valkosturinn fram að þessu hafi verið kostnaðarsöm og flókin strikamerkjakerfi. „Sjúkrahúsin auka ekki bara öryggið, heldur spara þau sér mikla vinnu og fjármagn með því að nota lyfjaskannann.“

Lyfjaskanninn, sem nefndur er MedEye, nýttir tölvusjón og háþróaða greiningartækni. Hann hefur verið prófaður á þremur sjúkrahúsum í Hollandi undanfarna mánuði. Stjórnendur þeirra hafa nú ákveðið að kaupa slíka skanna og gert er ráð fyrir að tækin verði komin í fulla notkun þar fyrir júl, að því er Gauti greinir frá.

Nýlega var gerður samningur við norskt hugbúnaðarfyrirtæki um dreifingu á tækniinni í Noregi, sem gerir rúmlega 70 prósentum allra norskra sjúkrahúsa kleift að nýta sér lausnina.

Mint Solutions á í viðræðum við hugbúnaðarframleiðendur sem þjónusta nær 75 prósent af hollenska markaðnum, um helming sjúkrahúsa í Finnlandi og rúmlega 40 prósent allra sjúkrahúsa í Danmörku. Viðræður við íslenskt sjúkrahús um kaup á lyfjaskannanum eru að hefjast.

Öll þróunarvinna fer fram á Íslandi en fyrstu tækin voru framleidd í Hollandi. „Við höfum hins vegar samstarfsaðila á Íslandi þegar kemur að stærri pöntunum,“ tekur Gauti fram.

- ibs



**ÖTTU KAPPI** Þessir ungu kappar eiga sér eflaust þann draum að spila á Evrópumeistaramóti í knattspyrnu í framtíðinni. Þeir gáfu að minnsta kosti ekkert eftir í fótboltavirkni í Hljómskálagarðinum í gær. Ungviðlið skemmti sér best allra í hátíðahöldum gærdagsins, enda nóg við að vera.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Messu í Dómkirkjunni lauk fyrir en áætlað var og riðlaði dagskrá á Austurvelli:

## Margir misstu af hátíðadagskrá

**HÁTÍÐARHÖLD** Hnökkur urðu á hátíðadagskránni á Austurvelli í gærmorgun og hófust dagskrárlíðir mun fyrir en auglýst hafði verið. Er þar um að kenna að guðsþjónustu í Dómkirkjunni lauk fyrir en áætlað var.

Eva Einarsdóttir, formaður þjóðhátíðarnefndar í Reykjavík, segist vera virkilega leið yfir uppákomunni. „Ég komst sjálf ekki til sætis,“ segir hún en dagskráin hélt áfram á undan áætlun svo margir misstu hreinlega af viðburðunum. Þá tókst ekki að samstillja sjónvarpsútsendingu frá athöfninni á vellinum eins og venja er.

„Það er forsætisráðuneytið í samstarfi við borgina sem sér um athöfnina og þannig hefur það verið undanfarin ár,“ segir Eva og ætlar að kanna hvað olli þessum hnökkum á dagskránni.

Að lokinni dagskrá á Austurvelli lagði skrúðgangan upp í kirkjugarðinn við Suðurgötu of snemma af stað. Þar var lagður blómsveigur á leiði Jóns Sigurðsonar forseta. Margir misstu af athöfninni þar. „Fyrir morgun er athöfnin í garðinum eitt það hátíðlegasta á þjóðhátíðardaginn,“ bendir Eva á og bætir við: „Athöfnin verður undir gjör-gæslu á næsta ári.“

- bph / sjá síðu 8

Tökuliðið skemmti sér vel:

## Enginn Cruise í Oblivion-teiti

**KVIKMYNDIR** Til stóð að leikarinn Tom Cruise mætti í partí sem var haldið á Kex Hosteli á laugardagskvöld fyrir tökuliði kvikmyndarinnar Oblivion. Cruise mætti ekki, en tökuliðið djammaði engu að síður fram á rauðanótt án hans.



TOM CRUISE

Um 250 manns mættu í partíið og var staðurinn lokaður almennungi á meðan. Mikil öryggisgæsla var við húsið og mátti sjá vígalega öryggisverði spóka sig á Skúlagötunni.

Í gær hélt tökuliðið í Mývatnsveit, en tökurlaust kvikmyndinni hefjast í vikunni. Auk þess að leika í myndinni er Cruise meðal framleiðenda hennar.

- afb / sjá síðu 26

www.forlagid.is – alvöru bókafróðun á netinu

## SIGRAR ÁSTIN ALLT?

## D-VÍTAMÍNBRÉTT LÉTTMJÓLK

MJÓLKURSAMSALAN

## SPURNING DAGSINS



Steinar Berg, ertu nokkuð að plata?

„Nei, en þetta er góð plata.“

Steinar Berg Ísleifsson gefur í fyrsta sinn út eigin plötu með hljómsveitinni Grasösum. Steinar Berg hefur áður gefið út hundruð platna annarra listamanna.

Virðist hafa druknað:

## Rodney King fannst látinn

**BANDARÍKIN, AP** Rodney King, sem varð frægur þegar fjórir lögreglumenn í Los Angeles börðu hann til óbóta, fannst látinn í gær. Hann var 47 ára. Ekki er talið að andlát hans hafi borið að með saknæmum hætti.



RODNEY KING

King var blökkumaður. Myndband náðist af lögreglumönnum að berja hann við handtöku árið 1991 og vakti það mikla reiði. Lögreglumennirnir voru sýknaðir af ákæru um harðræði og í kjölfarið brutust út gríðarlegar óeirðir. Fimmtíu manns létust og þúsund slösuðust í þeim.

Tæpum áratug síðar voru tveir lögreglumannanna dæmdir fyrir verkanáðinn en tveir sýknaðir. King fékk jafnframt 3,8 milljónir dollara í bætur.

- þeb

## ÖRYGGISMÁL

## Á að tryggja öryggi á sjó

Til umsagnar eru nú hjá innanríkisráðuneytinu drög að reglugerð um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa. Markmiðið með reglugerðinni er að tryggja öruggar siglingar í íslenski efnahagslögsögu, öryggi skipa, farþega og áhafna og efla varnir gegn mengun sjávar frá skipum.

## UMFERÐARMÁL

## Varað við hreindýrum

Vegagerðin vekur athygli ökumanna sérstaklega á umferð hreindýra við þjóðvegi á Austurlandi. Að því er fram kemur á vef Vegagerðarinnar skal viðhafa sérstaka varúð Eskifjarðarmegin á Norðfjarðarvegi, í nágrenni Egilsstaða, í Berufirði og við Djúpavog.

Sameinuðu þjóðirnar vilja að stríðandi fylkingar geri stutt vopnahlé í Homs:

## Hleypi almennum borgurum út

**SÝRLAND, AP** Yfirmaður eftirlitsveita Sameinuðu þjóðanna í Sýrlandi krafðist þess í gær að stríðandi fylkingar leyfðu „konum, börnum, öldruðum og veikum“ að yfirgefa borgina Homs og önnur átakasvæði. Degi fyrr hafði hann tilkynnt að eftirlitsmennirnir hefðu hætt störfum vegna vaxandi ofbeldis í landinu.

Robert Mood sagði eftirlitsmennina hafa reynt að koma óbreyttum borgurum og særðu fólki út úr Homs undanfarna viku. Það hafi ekki tekist vegna þess að hvorki stjórnvöld né uppreisnarmenn

vildu hætta átökum á meðan. Hann sagði báða aðila þurfa að endurskoða afstöðu sína. „Þetta krefst vilja beggja til að virða og vernda líf sýrlensku þjóðarinnar.“

300 eftirlitsmenn og rúmlega 100 aðrir starfsmenn SP hafa reynt að fylgja eftir friðaráætlun Kofi Annan undanfarið. Friðaráætlunin fól meðal annars í sér vopnahlé sem hefur ekki verið virt. Eftirlitsmennirnir hafa verið hindraðir í störfum sínum og ráðist hefur verið að þeim. Því var ákveðið að hætta aðgerðum í bili, en það verður endurmetið á hverjum degi. - þeb



EFTIRLITSMENN Eftirlitsmenn við komuna frá al-Haffa til Damaskus á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lést í Genf á laugardag:

## Krónprinsinn jarðaður í gær

**SÁDÍ-ARABÍA** Krónprins Sádi-Arabíu, Nayef bin Abdul Aziz al-Saud, lést á laugardaginn í Genf. Hann var jarðaður í Mekka í gærkvöldi.

Nayef prins varð krónprins í fjórða en hann var einnig varaforsetisráðherra og innanríkisráðherra landsins. Líklegt er að Salman bróðir hans taki nú við, en hann þykir frjálslyndari í hugsun.

Flogið var með lík Nayefs frá Genf til Jeddah í gær, en hann var í lækni meðferð í Genf. - þeb

## Sinna nýsköpun og eftirliti á Breiðafirði

Nýsköpunarfyrirtækið OK Hull hefur sótt um einkaleyfi á bátsskrokk sem nýtist öllum tegundum báta og skipa, stórum sem smáum. Landhelgisgæslan kemur að nýsköpunarvinnunni með að nýta bát til eftirlits á Breiðafirði.

**NÝSKÖPUN** Landhelgisgæslan og Fiskistofa hafa frá því í vor unnið að eftirliti með veiðum skipa á Breiðafirði. Til þess er nýttur bátur sem Landhelgisgæslan hefur í prófunum fyrir íslenska nýsköpunarfyrirtækið OK Hull, sem hefur sótt um einkaleyfi á nýju skrokklagi sem fyrirtækið hefur þróað allt frá 2005.

Á Breiðafirði hefur smábátum fjölgað mikið með tilkomu strandveiða og mun meiri sókn er á grásleppuveiðar. Á undanförunum dögum hafa hundruð báta verið á sjó innan íslenska hafsvæðisins og var met sett síðastliðinn miðvikudag þegar samtals 1.180 skip og bátar voru í fjareftirlitskerfum. Vegna þessa þótti ástæða til að taka upp sérstakt eftirlit.

Eftirlitinu er þannig háttað að eftirlitsmenn Fiskistofu fara um borð í bátana, fara yfir veiðarfæri, afla, lögskráningu, samsetningu afla og afladagbækur en hjá grásleppubátum er einnig kannadur netafjöldi, sem má vera 100 net á hvern lögskráðan skipverja um borð. Landhelgisgæslan hefur



BÁTURINN FLÓKI Báturinn sem LHG hefur til afnota er ætlaður til björgunar- og löggæslustara. Starfsmenn LHG miðla af áralangri reynslu sinni við að finnpússa hönnunina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

umsjón með bátum og leggur til mannskap og búnað vegna hans.

Það sérstaka við þetta eftirlit er að á sama tíma tekur Gæslan þátt í nýsköpunarverkefni með prófunum á nýjum bát frá fyrirtækinu OK Hull.

Íslenska fyrirtækið OK Hull afhenti nýverið séraðgerða- og sprengjueyðingasviði LHG frum-

gerð að átta metra harðbotna slöngubát sem er nýttur til eftirlitsins, og verður jafnframt prófaður við ýmsar aðstæður á næstu mánuðum. Að sögn Gæslunnar hefur báturinn reynst í heildina lítið vel í mjög erfiðum aðstæðum. Tillögur Landhelgisgæslunnar verða síðar teknar til greina í framleiðsluferlinu. svavar@frettabladid.is

## Nýsköpunarfyrirtækið OK Hull

- OK Hull er ört vaxandi íslenskt iðnfyrirtæki sem hefur síðan 2005 unnið að þróun og hönnun á nýrri tegund bátsskrokk.
- OK Hull skrokklagið mun nýtast öllum tegundum báta og skipa, hvort sem um ræðir skemmtibáta, vinnubáta, varðskip eða skip til ferjuflutninga.
- Sótt hefur verið um einkaleyfi á hönnun skrokklagsins.

- Bátar og skip með þessu skrokklagi nota bæði minni orku, höggva ölduna mun minna, hafa almennt mýkri hreyfingar og ná meiri hraða við erfiðar aðstæður. OK Hull skrokklagið hefur einnig þann kost að rými um borð er meira og nýtist betur en á bátum sömu lengdar.
- Fyrirtækið mun nú í ár kynna sex útgáfur fullbúinna sex til fimmtán

- metra báta á markaðinn.
- Framleiðsla fyrirtækisins verður einkum seld á erlendum mörkuðum.
- Í dag starfa 38 manns hjá fyrirtækinu við hönnun, prófanir, smíði og framleiðslu.
- OK Hull starfar í Kópavogi en áætlað byggingu 6.000 fermetra húsnæðis sem mun í framtíðinni hýsa stærstan hluta starfsmannar.

Forsætisráðherra hefur áhyggjur af óeiningu og vantrausti á stofnanir Íslands:

## Ábyrgðin er hjá stjórnmalámonnum

**STJÓRNMÁL** Viðvarandi óeining og vantraust á helstu stofnunum íslensks samfélags er mikið áhyggjuefni að mati forsætisráðherra. Þetta kom fram í háttíðaræðu Jóhönnu Sigurðardóttur á Austurvelli í gær.

„Ábyrgðina berum við, kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, og enn sem komið er hefur okkur mistekist í þessu mikilvæga verkefni, að endurvinnna traust þjóðarinnar,“ sagði Jóhanna í ávarpi sínu.

Jóhanna sagðist vona að Alþingi bæri gæfu til að samþykkja frumvarp um nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi. Sagði hún að ekkert mætti stöðva framgang málsins, svo þjóðinni yrði tryggður „langþráður og sanngjarn arður af fiskveiðiauðlindinni.“

Forsætisráðherra fjallaði

einnig um að erlendar þjóðir líti til Íslands og skjóts bata landsins í kjölfar efnahagshrunsins. Jóhanna nefndi nokkur atriði sem dæmi um umfangsmiklar samfélagsbreytingar, sem munu skipta máli til framtíðar.

„Algjör umskipti hafa orðið í þróun tekjuskiptingar í átt til aukins jafnaðar,“ benti Jóhanna á. „Nú hefur verulega dregið úr ójöfnuði og er Ísland komið í hóp ríkustu samfélaga heims þar sem hvað mestur tekjujöfnuður ríkir.“

Þá nefndi Jóhanna að jafnrétti kynjanna hafi sjaldan verið betra hér á landi. Hér sé meirihluti ráðherra konur eins og 40 prósent þingmanna og helmingur ráðuneytisstjóra.

- bph



ÍSLENSKI FÁNINN Ekki má draga fána á stöng fyrir en klukkan sjö að morgni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Fánaeigendur brutu fánalög:

## Fáninn við hún klukkan þrjú

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum neyddist til að taka niður tvo íslenska fána um klukkan þrjú aðfaranótt 17. júní. Fánarnir voru sóttir af eigendum sínum morguninn eftir. Lögreglan bendir fólki á fánalögin þar sem finna má umgengisreglur um þjóðfánann.

Um tímamörk segja lögin: „Fána skal eigi draga á stöng fyrir en klukkan sjö að morgni og skal hann að jafnaði eigi vera lengur uppi en til sólarlags og aldrei lengur en til miðnættis.“ - bph

Svisslendingar kusu í gær:

## Vilja ekki fleiri íbúakosningar

**SVISS, AP** Kjósendur í Sviss höfnuðu því í þjóðaratkvæðagreiðslu í gær að fjölga þjóðaratkvæðagreiðslum í landinu.

Hópur þjóðernissinna vildi að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram í hvert skipti sem stjórnvöld skrifuðu undir alþjóðlega samninga og sáttmála. Þeir lögðu því fram þá tillögu til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Útgönguspár og þau atkvæði sem talin hafa verið benda þó til þess að tillagan hafi verið felld með 75 prósentum atkvæða. Svisslendingar kjósa nú þegar í þjóðaratkvæðagreiðslum um sex sinnum á ári, en þátttakan hefur farið minnkandi. - þeb

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

Heyrðu, það er góð hugmynd :)

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



Á AUSTURVELLI Jóhanna Sigurðardóttir gaf afdráttarlaust til kynna að helsta áherslumál stjórnvalda sé nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

# ferð.is

Ný ferðaskrifstofa á netinu

## Bodrum í Tyrklandi

10 - 11 náttu ferðir í beinu flugi.

Þetta er dúnður  
**TILBOÐ!**

22. júní, 3. og 13. júlí á  
fljúgandi góðu verði.



**Gümbet**

**Torba**

**Bodrum**

**Flug og gisting**

**Eken Resort**

Allt innifalið! 22. júní - 3. júlí

Verð frá **89.900 kr.**

Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli.  
Innifalið: Flug, skattar og gisting með öllu inniföldu.  
Verð m.v. 2 í tvíbýli frá 112.060 kr.

**Flug og gisting**

**La Luna**

Allt innifalið! 3. - 13. júlí

Verð frá **125.850 kr.**

Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi.  
Innifalið: Flug, skattar og gisting með öllu inniföldu.  
Verð m.v. 2 í tvíbýli frá 149.900 kr.

**Flugsæti**

22. júní - 3. júlí

Verð frá **46.900 kr.**

Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

**Önnur gisting í boði:**

**Ersan Resort & SPA \*\*\*\* • Parkim Ayaz \*\*\* • Paloma Yasmin \*\*\*\* • Voyage Torba**

Fljúgðu fyrir minna

**ferð.is** er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með **ferð.is** kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað.

**ferð.is**  
sími 570 4455



## GENGIÐ 15.06.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	126,34	126,94
Sterlingspund	196,43	197,39
Evra	159,32	160,22
Dönsk króna	21,437	21,563
Norsk króna	21,209	21,333
Sænsk króna	18,040	18,146
Japanskt jen	1,6042	1,6136

SDR 191,92 193,06

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
220,5323

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Útgönguspár í Frakklandi:  
Sósíalistar ná meirihluta í Frakklandi

**FRAKKLAND, AP** Sósíalistaflokkurinn getur myndað hreinan meirihluta í neðri deild franska þingsins samkvæmt útgönguspám. Samkvæmt spánum hlaut flokkurinn, sem er flokkur Francois Hollande forseta, 312 af 577 þingsætum.

Ef útgönguspánnar ganga eftir þurfa sósíalistar ekki að reiða sig á stuðning frá öðrum flokkum. Það skiptir miklu máli fyrir Hollande, sem mun með þessu hafa stuðning meirihluta þingsins.

Hollande hefur lofað að fjölga opinberum starfsmönnum og beita sér fyrir breytingum á björgunaráætlunum Evrópusambandsins, svo þær snúist í auknum mæli um hagvöxt en ekki niðurskurð. - þeb



FRANCOIS HOLLANDE

## LÖGREGLUMÁL

## Sprengja í Kópavogi

Öflugur skoteldur sprakk í Selbrekku í Kópavogi aðfaranótt sunnudags. Sprengjunni hafði verið komið fyrir undir bíl og sprengd þar. Engin meiðsl urðu á fólki. Litlar skemmdir urðu á bílnum en rúða í nágrenninu sprakk við hvellinn.

## UTANRÍKISMÁL

## Þór í Færeyjum

Varðskipið Þór heimsótti Færeyjar í lok vikunnar og var samstarfsaðilum Landhelgisgæslunnar, Íslendingafélaginu og almenningi boðið að skoða skipið. Um 570 manns komu um borð. Talsvert var fjallað um komu skipsins í færeyskum fjölmiðlum.

Sex af hverjum tíu vilja takmarka setu í embætti forseta samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2:  
Stuðningsmenn Ólafs vilja síður takmörk


**KÖNNUN** Sex af hverjum tíu kjósendum, um 60,6 prósent, vilja takmarka þann tíma sem einn einstaklingur getur setið í embætti forseta Íslands, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var 13. og 14. júní.

Alls sögðust 39,4 prósent þeirra sem afstöðu tóku til spurningarinnar ekki vilja nein takmörk. Um 4,2 prósent vildu takmarka setuna við eitt kjörtímabil og 19,1 prósent við tvö. Þá sögðust 27,4 prósent vilja draga mörkin eftir þrjú kjörtímabil og 8,7 prósent við fjögur. Þá sögðust 1,2 prósent vilja takmarka setu í embættinu við fimm eða fleiri kjörtímabil.

Mikill munur var á afstöðu þeirra sem

svöruðu spurningunni eftir því hvaða frambjóðanda þeir styðja. Þannig sögðust um 57 prósent stuðningsmanna Ólafs Ragnars Grímssonar ekki vilja takmarka fjölda kjörtímabila, en fimmtán prósent stuðningsmanna Þóru Arnórsdóttur.

Hringt var í 2.461 manns þar til náðist í 1.500 samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 13. júní og fimmtudaginn 14. júní. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Telur þú að takmarka eigi fjölda kjörtímabila sem forseti getur setið? Alls tóku 87,6 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. - bj



## Risadagur í ferðapjónustu reynir á þolmörk landsins

Fimmtán til tuttugu þúsund ferðamenn koma til landsins með fjórum skemmtiferðaskipum og 40 farþegaþotum á næstu klukkutímum. Gjaldyrstekjur af dagvöl skemmtiferðaskipa skiptir milljörðum í sumar.

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þetta er of stór dagur fyrir Ísland“, segir Ólafía Sveinsdóttir, deildarstjóri ferðaskrifstofunnar Atlantik, sem hefur með höndum alla umsýslu fyrir um 7.500 ferðamenn auk áhafna þriggja skemmtiferðaskipa sem koma til landsins í dag.

Alls koma fjögur farþegaskip til Reykjavíkur nú fyrir hádegi, en aldrei fyrr hafa svo mörg farþegaskip komið til hafnar sama dag. Farþegar skipanna fjögurra losa áttunda þúsundið auk áhafna skipanna sem eru um þrjú þúsund manns. Þá lenda í dag 40 farþegaþotur á Keflavíkurflugvelli með tæplega átta þúsund farþega, samkvæmt upplýsingum frá Isavia.

„Það er komið vel á annað ár síðan við höfum undirbúning fyrir 18. júní 2012,“ segir Ólafía. „Þetta er mikið þúsluspil, þó það megji segja að það sé kostur að stærsti hlutinn sé á einni hendi. Við getum stjórnað umferðinni og tímasett ferðir svo ekki verði áreksstrar. Við getum komið í veg fyrir að ekki verði yfirfullt á vissum stöðum og getum tímasett matar- og kaffitíma, heimsóknir á söfn og aðra afþreyingu.“

80% þeirra 7.500 farþega skipanna þriggja sem Atlantik þjónustar ætla í skipulagðar ferðir í dag, og tölfræðin talar sínu máli um þau tækifæri sem íslensk ferðapjónusta hefur með stöðugri fjölgun þessa hóps ferðamanna.

Atlantik hefur bókað 105 rútur fyrir daginn og þrjátíu jeppabíreiðar. Einnig fjölmargar litlar rútur til styttri ferða á milli hafnar og miðbæjar Reykjavíkur. Eins kjósa margir farþegar að ferðast með leigubílum. 2.500 manns ætla á Gullfoss og Geysi en skipuleggja



AUFÚSUGESTIR Þegar allt er talið gefa farþegaskipin milljarða innspýtingu inn í íslensk efnahagslíf.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Margir þessir farþegar dvelja hér tvo til þrjú daga.

ÓLAFÍA SVEINSDÓTTIR  
DEILDARSTJÓRI HJÁ ATLANTIK

þarf matar- og kaffiveitingar bæði í hádegis- og kvöldmat. Hundrad ætla í ferð á Langjökul og fjölmargir í hvalaskoðun. Stór hópur ætla í útsýnisflug og aðrir ferðast um Reykjanes.

Þó aðeins lítill hluti áhafnar skipanna fari í land þá telur það

hratt þegar nokkur hundruð manns fara í styttri bæjarferðir, en eins er mjög vinsælt meðal áhafna skipanna að kíkja í Bláa lónið.

„Við skulum svo ekki gleyma því að þessi skip mörg hver koma við á Akureyri, Ísafirði og öðrum höfnum hérlendis. Því eru margir þessir farþegar að dvelja hér tvo til þrjú daga og kaupgeta þeirra er yfirleitt mikil,“ segir Ólafía.

Eftir stutta eftirgrenslnan Fréttablaðsins má áætla að hver ferðamaður af skemmtiferðaskipi verji um tíu til tólf þúsund krónum daginn sem hann dvelur hér á

landi. Bara í dag er innspýtingin 100 milljónir frá farþegum skipanna, varlega áætlað.

Hafnasamband Íslands áætlaði í könnun fyrir árið 2009 að gjaldyrstekjur af 74 þúsund ferðamönnum og starfsfólki skemmtiferðaskipa það ár hafi numið þremur milljörðum króna að hafnargjöldum meðöldum. Þá er önnur umsýsla ótalin; vistir, varahlutir, olúkaup og önnur þjónusta. Áætlanir ferðapjónustunnar gera ráð fyrir að farþegar skipanna verði um hundrad þúsund í sumar.

svavar@frettabladid.is

## Ryksuga

VS 06G2001

Kröftug 2000 W ryksuga með 4 lítra slitsterkum poka. Vinnuradius 10 metrar.



## SIEMENS

Tilboðsverð:  
23.900 kr. stgr.  
(fullt verð: 28.900 kr.)


## SMITH &amp; NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is

## VEDURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir  
veðurfréttamaður

**MILT OG STILLT**  
Vikan einkennist af fremur hægum vindi og mildu veðri. Áfram líkur á síðdegisskúrum víða um land einkum á miðvikudaginn. Litlar breytingar í vændum fram á helgi.

Á MORGUN  
Hæg vestlæg átt.MIÐVIKUDAGUR  
Hæg SV-læg eða  
breytileg átt.

## HEIMURINN

Alicante	28°
Basel	30°
Berlín	30°
Billund	19°
Frankfurt	26°
Friedrichshafen	29°
Gautaborg	20°
Kaupmannahöfn	20°
Las Palmas	26°
London	20°
Mallorca	25°
New York	23°
Orlando	32°
Ósló	18°
París	21°
San Francisco	19°
Stokkholmur	17°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

Vertu  
snjallari  
með Nova!

# Snjallsíminn þinn er snjallari en Einstein



Samsung Galaxy Xcover

**4.490 kr.** í 12 mán.

49.990 kr. stgr.

1.000 kr.  
notkun á mán.  
í 12 mán. fylgir  
með Samsung  
Galaxy S II!

Samsung Galaxy S II

**5.690 kr.** í 18 mán.

89.990 kr. stgr.

500 kr.  
notkun á mán.  
í 12 mán. fylgir  
með Samsung  
Galaxy Y!

Samsung Galaxy Y

**2.290 kr.** í 12 mán.

24.990 kr. stgr.

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

Simnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi.  
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

KJÖRKASSINN



Ert þú sátt(ur) við störf sérstaks saksóknara?

JÁ	64,7%
NEI	35,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hélt þú upp á þjóðhátíðardaginn með einhverjum hætti?

Segðu þína skoðun á Vísiris.



Fulltrúar 80 ríkja koma saman í Washington til þess að ræða hvernig draga megi úr barnadauða:

# Lífi 45 milljóna verði bjargað næstu 23 árin

**SAMFÉLAGSMÁL** Bóluefni, bætt heilsugæsla og aukin menntun í heiminum á síðustu fjórutíu árum hefur dregið úr tíðni barnadauða um meira en helming. Alþjóðlegur fundur um málefnið hófst fyrir helgi í Washington í Bandaríkjunum.

Á fundinum koma saman fulltrúar frá meira en áttatíu ríkjum og fjöldi sérfræðinga í þeim tilgangi að samhæfa aðgerðir til að draga enn frekar úr barnadauða. Ríkisstjórnir Eþíópíu, Indlands og Bandaríkjanna leiða fundinn í samstarfi við Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF.

Markmið fundarins er að fá alþjóðsamfélagið til þess að taka höndum

saman og minnka barnadauða niður í tuttugu af hverjum eitt þúsund lifandi fæddum börnum í hverju landi fyrir árið 2035. Það þýðir að hægt verði að bjarga lífi 45 milljóna barna á næstu 23 árum og færa heiminn nær því endanlega markmiði að aftra því að börn deyja af orsökum sem vel mætti koma í veg fyrir.

Í tilkynningu frá UNICEF kemur fram að enn látist milljónir barna undir fimm ára aldri á hverjum degi af orsökum sem hægt væri að koma í veg fyrir.

Flest eru börnin í sunnanverðri Afríku og Suður-Asíu. Árið 2010 voru það 57 börnum af hverjum 1.000 lifandi fæddum.



**BARNADAUDI** Enn deyja milljónir barna undir fimm ára aldri á degi hverjum af orsökum sem hægt er að koma í veg fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**VINNUR ÞÚ GLÆSILEGT WEBER GRILL?**

Þú grípur einfaldlega pakka af uppáhalds Maryland kexinu þínu og gætir um leið eignast glæsilegt grill.

2 x Weber E310  
kr. 132.990

28 x Weber Smokey Joe  
kr. 16.950

**ER VINNINGSSKÍFA Í PAKKANUM ÞÍNUM?**

**Maryland**  
- gott alla leið



**ATKVÆÐI GREITT** Alexis Tsipras er leiðtogi Syriza, sem verður að líkindum stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn á gríska þinginu. Flokkur hans hlaut rúmlega 26 prósent atkvæða, en hann vildi hætta við björgunaráætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Reyna að mynda meirihlutastjórn

Nýi lýðræðisflokkurinn og sósíalístaflokkurinn Pasok munu reyna að mynda ríkisstjórn í Grikklandi. Lýðræðisflokkurinn fékk flest atkvæði í kosningunum. Leiðtogi flokksins sagði niðurstöður kosninganna sigur fyrir alla Evrópu.

**GRIKKLAND, AP** Nýi lýðræðisflokkurinn lýsti í gærkvöldi yfir sigri í grísku þingkosningunum sem fóru fram í gær. Antonis Samaras, leiðtogi flokksins, sagði kosningarárslitin sigur fyrir alla Evrópu.

Samaras sagði jafnframt að Grikkir hefðu kosið að vera áfram í evrusamstarfinu og segist ætla að mynda ríkisstjórn eins fljótt og hægt er. Þegar búíð var að telja um sjötíu prósent atkvæðanna í gærkvöldi hafði Nýi lýðræðisflokkurinn fengið 30,1 prósent atkvæða en róttæki vinstriflokkurinn Syriza 26,5 prósent. Sósíalístaflokkurinn Pasok hafði fengið tæp þrettán prósent. Það þýðir að enginn flokkur hafði fengið meirihluta þingsæta.

Nýi lýðræðisflokkurinn og Pasok munu því reyna að mynda ríkisstjórn, en báðir flokkarnir eru fylgjandi björgunaraðgerðum frá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Syriza vill hafna björgunarláni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum með þeim niðurskurði og skattahækkunum sem því fylgir.

Allir þessir flokkar eru þó hlyntir veru Grikklands í Evrópusambandinu og notkun evrunnar, en talið var að mögulega þyrfti að reka Grikki úr evrusamstarfinu höfnuðu þeir björgunaraðgerðunum.

Fylgst hefur verið náið með kosningunum í Grikklandi, sem hafa verið taldar mjög mikilvæg-

ar fyrir framtíð evrunnar og samstarfsins innan Evrópusambandsins. Niðurstöður kosninganna í gær hafa því að líkindum róað önnur Evrópuríki og fjármálamarkaði, að minnsta kosti tímabundið.

„Það verða ekki fleiri ævintýri. Staða Grikklands innan Evrópu verður ekki sett í vafa. Fórnir grísku þjóðarinnar munu koma landinu aftur í blóma,“ sagði Samaras. Þá sagði hann að Grikkir myndu standa við skuldbindingar sínar, sem þykir merkja að hann vilji drífa í þeim niðurskurði sem krafist er af ríkinu á þessu ári.

Þjóðverjar sögðu í gærkvöldi að mögulega myndu Grikkir fá frest til þess að mæta kröfum.

thorunn@frettabladid.is

**LAMISIL ONCE**

Klæjar þig og sviður á milli tanna?

**15% afsláttur**  
Gildir í verslunum Lyfja. Gildir í júní

**LAMISIL**  
- drepur fótveppinn, þarf aðeins að bera á einu sinni

NOVARTIS

Lamisil Once 1% húðlausan inniheldur 10 mg af terbinafíni (sem hjólkóðir). Lamisil Once er einskammta meðferð við fótvepp (tinea pedis). Ekki má nota Lamisil Once ef til staðar er ófræmi fyrir terbinafíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfisins. Lamisil Once er eingöngu ætlað til ófræmis notkunar. Lyfið er eingöngu ætlað til húðmeðferðar á fótum. Lamisil Once á ekki að nota á meðgöngu nema brýna nauðugjarni til. Konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Lamisil Once. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota Lyfið þar sem reynsla skortir af slíku notkun. Lyfið á einungis að bera á einu sinni. Best er að bera Lamisil Once á húðina eftir sturtu eða bað. Lyfið verður að bera á báða fatar, þáveit þótt einhverja slíkt einungis á öðrum fati. Þetta tryggir einlöngu sveigisni. Hann getur þeynt vörur á fötum þótt ekki slíkt nem marku um hann. Lamisil Once er mild lausan og er til sjálfdrátt húðina. Geymið þar sem börn hvorki ná til ná sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarnar sem fylgja hverri pakkningu. Markaðsleyfistafa: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurlárus 12a, 210 Garbæ.



**KRYDDSMJÖR**  
gerir grillmat að hreinu lostæti!

**TVÆR NÝJAR BRAGDTEGUNDIR**

**KRYDDSMJÖR**

Lögreglan á Akureyri hafði afskipti af mörgum vegna óláta á Bíladögum:

# Mikill erill hjá lögreglu á Bíladögum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Akureyri hafði í nógu að snúast um helgina. Þar fóru fram árlegir Bíladagar á vegum Bílklúbbs Akureyrar.

Á föstudagskvöld varð slysi í svokallaðri drift-keppni, eða undanrennu, þar sem ökumaður missti stjórn á bíl sínum og endaði á öryggisgirðingu og utan brautar. Áhorfendur meiddust og einn var fluttur með sjúkrabíl á slyssadeild.

Þrír menn ruddust inn á heimili á Akureyri og lömdu húsráðanda á laugardagskvöld. Árásin tengdist einhverjum deilum á milli aðila. Húsráðandi slapp með minniháttar meiðsl. Tilkynnt var um hópslags-

mál á sunnudagsmorgun í miðbæ Akureyrar. Ólvað fólk fyllti götur bæjarins þegar skemmtistaðir lokuðu. Lögreglan tók tvo fyrir ölvun við akstur. Annar þeirra ók á staur og utan í bifreið.

Lögreglan sinnti útköllum vegna hávaða frá bílaumferð alla helgina. Talsvert var um spyrnukeppni á götum bæjarins og nokkuð um að menn spóluðu í hringi með tilheyrandi hávaða og látum. Milli tíu og fimmtán manns voru kærðir fyrir af hraðan akstur. Flestir voru teknir á þjóðvegnum í Öxnadal á leið til Akureyrar. Sá sem hraðast ók var á 173 kílómetra hraða.



**AKUREYRI** Fjöldi fólks sækir Akureyrarbæ heim í tengslum við Bíladaga.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Hlutfjárútbod í fasteignafélaginu Reginn hf. hefst í dag

Hlutfjárútbod í Reginn hf. fer fram dagana 18. og 19. júní 2012. Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. mun bjóða til sölu 975.000.000 áður útgefna hluti í Reginn, sem samsvarar 75% af heildarhlutafé í Reginn. Allir hlutir í útbodinu verða seldir á sama verði sem liggja mun á verðbilinu 8,1-11,9 kr. á hvern hlut í Reginn. Söluandvirði útbodsins getur numið á bilinu 7,9-11,6 ma.kr. Markaðsvirði alls hlutfjár í Reginn miðað við fyrrgreint verðbil er á bilinu 10,5-15,5 ma.kr.

Útbodið er markaðssett á Íslandi. Skilyrði fyrir þátttöku í útbodinu eru að þátttakendur hafi íslenska kennitölu og séu fjárráða. Útbodið er tvískipt og skiptist í tilboðsbók og áskriftarhluta. Meginmarkmið seljanda með útbodinu er að Reginn uppfylli skráningarskilyrði Aðalmarkaðar Kauphallarinnar um dreifingu hlutfjár.

**Ráðgjafar Landsbankans veita upplýsingar um áskriftarhluta útbodsins í síma 410 4040, fjarmalaradgjof@landsbankinn.is, kl. 9-20 meðan á útbodinu stendur.**

Sótt hefur verið um töku allra hlutabréfa í Reginn til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin). Seljandi mun falla frá útbodinu ef eftirspurn verður ekki nægjanleg til þess að Reginn uppfylli skráningarskilyrði Aðalmarkaðar Kauphallarinnar um dreifingu hlutfjár eða ef ekki næst að selja yfir 50% af heildarhlutafé í Reginn í útbodinu. Seljandi hefur ákveðið að halda eftir 25% eignarhlut í Reginn eftir útbodið og hefur skuldbundið sig til þess að selja þann eignarhlut ekki í 10 mánuði eftir töku hlutabréfa í Reginn til viðskipta í Kauphöllinni.

Reginn hefur birt lýsingu sem dagsett er 11. júní 2012. Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér allar upplýsingar í lýsingunni áður en þeir taka ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum í Reginn. Lýsinguna má nálgast á vefsíðu Regins, [www.reginn.is](http://www.reginn.is).

## Útgefandi

Reginn hf., kt. 630109-1080, Hagasmára 1, 201 Kópavogi, [www.reginn.is](http://www.reginn.is).

## Hlutafé útgefanda

Heildarfjöldi útgefna hluta í Reginn er 1.300.000.000 hlutir. Þeir eru allir í einum flokki.

## Seljandi

Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf., kt. 530407-1790, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

## Áskriftartímabil

Útbodið hefst kl. 10:00 þann 18. júní 2012 og lýkur kl. 16:00 þann 19. júní.

## Verðbil og útbodsgengi

Að áskriftartímabilinu loknu mun seljandi ákveða útbodsgengi sem verður það sama til allra sem taka þátt í útbodinu. Útbodsgengið verður á verðbilinu 8,1-11,9 kr. á hvern hlut í Reginn. Seljandi mun byggja ákvörðun sína um útbodsgengi á þeim tilboðum sem berast í útbodinu að teknu tilliti til markmiða sinna með útbodinu.

## Fyrirkomulag útbods

Útbodið er tvískipt. Í tilboðsbók eru til sölu 633.750.000 hlutir eða sem nemur 48,75% af heildarhlutafé í Reginn. Í áskriftarhluta eru til sölu 341.250.000 hlutir eða sem nemur 26,25% af heildarhlutafé í Reginn. Ein áskrift er heimil fyrir hverja kennitölu í útbodinu. Þátttaka í útbodinu er skuldbindandi fyrir fjárfesta.

## 1. Tilboðsbók – áskriftir að lágmarki 50 m.kr. að kaupverði

Í tilboðsbók skila fjárfestar áskrift sinni til umsjónar- og/eða söluaðila á sölutímabilinu á sérstöku áskriftareyðublaði sem nálgast má hjá Fyrirtækjaráðgjöf og Markaðsviðskiptum Landsbankans.

## 2. Áskriftahluti – áskriftir á bilinu 100.000-49.999.999 kr. að kaupverði

Fjárfestar skrá áskriftir sínar á áskriftarvef Landsbankans, sem opin verður á áskriftartímabilinu: [www.landsbankinn.is/reginnutbod](http://www.landsbankinn.is/reginnutbod). Til að skrá áskriftir sínar verða fjárfestar að hafa aðgang að netbanka, sem getur verið hvaða íslenski viðskiptabanki sem er.

Fjárfestar skrá kennitölu sína og panta lykilorð á áskriftarvefnum sem þeir fá sent sem rafrænt skjal í netbanka sinn. Fjárfestar geta skilyrt áskrift sína við það að endanlegt útbodsgengi fari ekki umfram ákveðið hámarksverð á hlut. Ef fjárfestir tilgreinir ekkert hámarksverð í áskrift sinni skoðast áskriftin sem gerð á útbodsgengi.

## Úthlutun og skerðing áskrifta

Áskriftir undir útbodsgengi verða ekki samþykktar og aðilar sem bjóða verð undir útbodsgengi eða tilgreina hámarksverð sem er undir útbodsgengi fá ekki úthlutað hlutum í útbodinu.

Áskriftir í tilboðsbók sem eru á og yfir útbodsgengi verða samþykktar. Ef umframefirspurn verður í þessum hluta útbodsins verða áskriftir í tilboðsbók skertar hlutfallslega, með tilliti til heildartilboðsfjárhæðar tilboðsgjafa sem buðu á og yfir útbodsgengi að teknu tilliti til tilboðsgengis þeirra.

Áskriftir í áskriftarhluta sem eru á útbodsgengi og hámarksgengi yfir útbodsgengi verða samþykktar. Verði umframáskrift í þessum hluta útbodsins verða áskriftir ekki skertar niður fyrir 100.000 kr. að kaupverði. Leitast verður við að skerða ekki áskriftir sem eru allt að 2 m.kr. að kaupverði. Að öðru leyti verður skerðing hlutfallsleg.

Seljandi áskilur sér rétt til þess að breyta þeim fjölda hluta sem eru boðnir til sölu í hvorum hluta útbodsins fyrir sig og til þess að hafna áskriftum að heild eða í hluta án frekari rökstuðnings.

## Gjalddagi og afhending

Greiðsluseðlar verða sendir í netbanka áskrifenda. Gjalddagi og eindagi greiðsluseðla er 27. júní 2012. Afhending hluta fer eingöngu fram gegn greiðslu áskriftarloforða og fer fram 29. júní 2012.

## Fyrsti dagur viðskipta í Kauphöll

Kauphöllin mun tilkynna um fyrsta viðskiptadag með hluti í Reginn með eins viðskiptadags fyrirvara. Fyrsti dagur viðskipta getur í fyrsta lagi orðið 2. júlí 2012.

## Umsjónar- og söluaðili útbods og töku hlutabréfanna til viðskipta

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, Hafnarstræti 5, 3. hæð, 155 Reykjavík, sími 410 7340, [fyrirtaekjaradgjof@landsbankinn.is](mailto:fyrirtaekjaradgjof@landsbankinn.is).

## Söluaðili útbods í tilboðsbók

Markaðsviðskipti Landsbankans, Hafnarstræti 5, 3. hæð, 155 Reykjavík, sími 410 7330, [reginnutbod@landsbankinn.is](mailto:reginnutbod@landsbankinn.is).



## 17. JÚNÍ: Þjóðhátíðardagur Íslendinga



Í **FARARBRODDI** Skátar voru í fararbroddi og báru íslenska fánann. Fast á hæla þeirra kom lúðrasveitin og sá til þess að allir gengu í takt.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



**AUSTURVÖLLUR** Bjarni Benediktson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sat með dóttur sína í fanginu er hann hlýddi á ræðu Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra. Þeirri stuttu virtist ekki líka neitt afskaplega vel við orð Jóhönnu og hefur örugglega fest augun á litrikum gasblöðrum.

# Hátíðahöld í Reykjavík

Fjöldmenni sótti hátíðahöld í miðbæ Reykjavíkur í tilefni af þjóðhátíðardegi Íslendinga, 17. júní, í gær. Boðið var upp á leiktæki fyrir börnin í Hljómskálagarðinum og dagskrá var á sviðinu við Arnarhól. Þá var efnt til skrúðgöngu frá Hlemmi niður á Lækjartorg þar sem lúðrasveit lék fastan takt í broddi fylkingar.



**HÁTÍÐARSKAPIÐ** Þessir drengir voru í sannkölluð hátíðarskapi þegar þeir reyndu leiktækin í Hljómskálagarðinum. Þar mátti finna eitthvað við allra hæfi og njóta bliðunnar í faðmi fjölskyldunnar.



**FÁNINN** Á þjóðhátíðardaginn ber mikið á íslenska fánanum. Lög um hann voru sett 17. júní árið 1944 og voru þau önnur lög sem sett voru, á eftir stjórnarskránni, við stofnun lýðveldisins.



**HALTU FAST!** Þessi litla snót skemmti sér konunglega þegar pabbi hennar ók henni í hjólbörum í Hljómskálagarðinum.

www.volkswagen.is



\*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskiptur. Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Caddy\* kostar aðeins frá  
**2.990.000 kr.**  
(kr. 2.382.470 án vsk)

Fæst einnig  
fjór hjóladrifinn



Atvinnubílar

Volkswagen Caddy

## Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnubjarkur með frábæra akstursegginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fánlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Til afgreiðslu strax

Reynslan er góð!  
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt





# ÓDÝRASTI SYKURINN Í BÓNUS



**B**  **NUS**

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir nýi tölvuleikurinn sem von er á frá CCP?
2. Í hvaða hverfi Reykjavíkur hækkadi fasteignamat mest?
3. Hvað er merkilegt við Liu Yang?

## SVÖRIN

1. DUST 514. 2. Í Þinghólmum. 3. Hinn er fyrsta kínverska konan sem fer út í gætt.

10

Samtök verslunar og þjónustu kærðu ákvörðun Lyfjastofnunar til ráðuneytis:

## Leyft að selja afurðir kannabisplöntu

**VERSLUN** Lyfjastofnun hefur ákveðið að endurskoða ákvörðun sína um að synja umsókn um undanþágu fyrir innflutningi á hampræjum og hamppróteinduflutningi.

Lyfjastofnun hafði hafnað umsókninni á grundvelli þess að vörurnar væru báðar afurðir kannabisplöntunnar og meðhöndlun þeirra óheimil á Íslandi. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Samtökum verslunar og þjónustu.

Samtök verslunar og þjónustu kærðu fyrri ákvörðun Lyfjastofnunar til velferðaráðuneytisins. Kært var á þeim forsendum að sala

hampræja og hamppróteinduflutningur væri leyfileg á erlendum mörkuðum og á innri markaði Evrópusambandsins. Enn fremur væri einungis um að ræða matvörur sem á engan hátt geta falið í sér eiginleika hamplöntunnar. Vörurnar falla þannig ekki undir löggjöf um ávana- og fíkniefni.

Á grundvelli þessara athugasemda og ábendinga hefur Lyfjastofnun ákveðið að endurskoða fyrri ákvörðun sína. Stofnunin telur ekki forsendur fyrir því að fella umræddar vörur undir ákvæði laga um fíkniefni. - bph



**SKYLDAR PLÖNTUR** Hampræ og hamppróteinduflutningur eru vörur unnar úr kannabisplöntunni.

Hætt við tónleika Radiohead:

## Einn lést þegar sviðið hrundi

**KANADA** Einn lést og þrjár slösuðust þegar svið hrundi fyrir tónleika með hljómsveitinni Radiohead í Toronto í Kanada á laugardag.

Sviðið hrundi um klukkustund áður en svæðið var opnað gestum. Strax varð ljóst að fólk hefði orðið undir og kallað á aðstoð. Sá sem lést var karlmaður á fertugsaldri, en ekki voru gefnar nánari upplýsingar um hann. Einn hinna slösuðu er alvarlega meiddur.

Fjörtíu þúsund manns áttu miða á tónleikana, sem var aflýst vegna slyssins. - þeb

## Upplýsingafundur 19. júní

## Breyting á ávöxtunarleið

Almenni lífeyrissjóðurinn efnir til fundar fyrir sjóðfélaga um ávöxtun séreignarsparnaðar.


- Hvernig eiga sjóðfélagar að ávaxta inneign sína og iðgjöld?
- Hvaða ávöxtunarleiðir eru í boði? Hver hefur ávöxtunin verið?

Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 19. júní kl. 12.00 á skrifstofu sjóðsins í Borgartúni 25.

Vinsamlega skráið þátttöku á [www.almenni.is](http://www.almenni.is).

[www.almenni.is](http://www.almenni.is)

**ALMENNI**  
LÍFEYRISSJÓÐURINN



**HEFÐBUNDINN LANDBÚNAÐUR** José Manuel Silva Rodriguez, skrifstofustjóri landbúnaðarmála hjá framkvæmdastjórn ESB, segir að sérstaða íslensks landbúnaðar sé margþætt og að vissu leyti hliðstæð við Finnland og Svíþjóð á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Viðræður við Svía og Finna verði innblástur

Skrifstofustjóri landbúnaðarmála hjá ESB segir sérstöðu Íslands liggja á mörgum sviðum. Margar hliðstæður séu við aðstæður sem Svíar og Finnar fengu sérlausnir út á á sínum tíma. Erfitt að segja hvenær landbúnaðarviðræður hefjast.

**EVROPUMÁL** Margt er líkt með aðstæðum í íslenskum landbúnaði nú og stöðu mála í Svíþjóð og Finnlandi þegar þau lönd sömdu um inngöngu í Evrópusambandið (ESB) á tíunda áratug síðustu aldar.

Þetta segir José Manuel Silva Rodriguez, skrifstofustjóri landbúnaðarskrifstofu framkvæmdastjórnar ESB, í viðtali við Fréttablaðið. Silva er staddur hér landi til að kynna sér aðstæður og ræða við ráðamenn, hagsmunaaðila og bændur.

Mikil áhersla hefur verið lögð á sérstöðu íslensks landbúnaðar í aðildarviðræðunum. Silva segir að sérstaða íslensks landbúnaðar sé margvísleg.

„Aðstæður sem íslenskir bændur búa við, hvað varðar loftslag og landslag, eru afar sérstæðar. Þar að auki er innlendir markaður lítill, landið afskekkt og einangrað og svo er það að öllu



**JOSÉ MANUEL SILVA RODRIGUEZ**

leyti norðan við 62. breiddargráðu.“

Þar vísar Silva til sérlausnar sem Svíþjóð og Finnland fengu á sínum tíma og felst í því að ríkjunum er heimilt að veita sérstaka styrki vegna heimskautalandbúnaðar, landbúnaðar norðan við 62. breiddargráðu. Þeir styrkir geta numið allt að 35 prósentum umfram það sem öðrum aðildarríkjum er heimilt.

Silva tekur þó ekki svo djúpt í árinna að segja að þær lausnir megi yfirfæra á Ísland í yfirstandandi viðræðum.

„Hverjar aðildarviðræður eru einstakar þar sem reynt er að ná sátt milli þarfa ESB og umsóknarríkisins. Þegar samningaviðræð-

ur hefjast um landbúnaðarmál verða kröfur Íslands skoðaðar í grunninn. En þar sem við sjáum margar hliðstæður milli Finnlands, Svíþjóðar og Íslands, verða niðurstöður fyrri viðræðna okkur örugglega innblástur í viðræðunum við Ísland.“

Vonir hafa staðið til þess að allir samningskaflar verði opnaðir fyrir árslok, og hefur Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, meðal annars látið þau orð falla. Silva segir hins vegar erfitt að spá um slíkt.

„Undirbúningurinn gengur vel og það myndi senda afar jákvæð skilaboð, en ýmsu er enn ólokið bæði hjá Íslandi og ESB. Það er því ómögulegt að segja nákvæmlega fyrir um hvenær viðræður gætu hafist.“

Ríkjaráðstefna milli Íslands og ESB verður haldin í Brussel í lok vikunnar þar sem gera má ráð fyrir að fleiri samningskaflar verði opnaðir. [thorgils@frettabladid.is](mailto:thorgils@frettabladid.is)



## Hollusta í hvelli!

Gamli, góði hafragrauturinn í handhægu máli sem auðvelt er að grípa með sér hvert sem er. Þú bætir við heitu vatni og hann er tilbúinn á tveimur mínútum.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skyldur rekstraraðila vegna umhverfistjóns teknar inn í íslenskan rétt:

## Mengunarbótareglan innleidd

**UMHVERFISMÁL** Ný lög um umhverfisábyrgð voru nýverið samþykkt á Alþingi. Með lögnum er greiðsluregla umhverfisréttarins, eða mengunarbótareglan svokallaða, innleidd í íslenskan rétt.

Þetta er sú meginregla að sá sem veldur mengun bæti umhverfistjón sem af henni hlýst og beri kostnað af því. Lögin fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins sem íslenska ríkinu ber skylda til að innleiða vegna EES-samningsins.


Með lögnum er í fyrsta skipti settar hér á landi reglur um skyldur rekstraraðila sem ábyrgð bera á umhverfistjóni sem hlýst af starfsemi þeirra. Lögin gilda um umhverfistjón sem

hlýst af ýmissi leyfisskyldri atvinnustarfsemi sem og yfirvofandi hættu á umhverfistjóni af hennar völdum. Gildir ábyrgð slíkra rekstraraðila óháð því hvort um gáleysi eða ásetning er að ræða.

Að auki gilda lögin um umhverfistjón á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum og yfirvofandi hættu á slíku tjóni sem rekja má til annarrar atvinnustarfsemi en þeirrar sem er leyfisskyld, hvort sem það hlýst af ásetningi eða gáleysi.

Umhverfisstofnun fer með stjórnábyrgð og eftirlit laganna.

- shá



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þvottavélar.....	<b>54.900,-</b>
Þurrkarar.....	<b>49.900,-</b>
Uppþvottavélar.....	<b>69.900,-</b>
Borðupþvottavélar..	<b>39.900,-</b>



Kælikápar.....	<b>29.900,-</b>
Frystiskápar.....	<b>39.900,-</b>
Frystikistur.....	<b>39.900,-</b>
Innbyggðir kælik.....	<b>59.900,-</b>



Keramíkkhelluborð....	<b>54.900,-</b>
Spanhelluborð.....	<b>69.900,-</b>
Ofnar með blæstri....	<b>59.900,-</b>
Örbylgjuofnar.....	<b>11.990,-</b>
Viftur.....	<b>9.990,-</b>



## Hár & heilsa

Hárblásarar.....	<b>990,-</b>
Nefhásasnyrtir.....	<b>990,-</b>
Krullujárn.....	<b>1.990,-</b>
Hárklippiset.....	<b>2.990,-</b>
Sléttujárn.....	<b>1.990,-</b>
Naglasnyrtitæki....	<b>1.490,-</b>
Fótanuddtæki.....	<b>3.990,-</b>
Hitapúðar.....	<b>3.990,-</b>
Rafdrifinn tannb..	<b>2.990,-</b>



## Smátæki

Kaffivélar.....	<b>2.990,-</b>
Brauðristar.....	<b>2.990,-</b>
Hraðs.könnur.....	<b>2.990,-</b>
Blandarar.....	<b>2.990,-</b>
Safapressur.....	<b>5.990,-</b>
Vöflujárn.....	<b>4.995,-</b>
Mínútugrill.....	<b>7.990,-</b>
Samlokugrill.....	<b>2.990,-</b>
Racklettegrill.....	<b>3.990,-</b>
Djúp.steikingap...	<b>5.990,-</b>
Hrísgrj.pottar.....	<b>3.990,-</b>
Kaffikvarnir.....	<b>3.990,-</b>
Pönnur 30-50% afsláttur	



RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM!

# LAGER HREINSUN

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**4.995**  
50% AFSLÁTTUR

### TRISTAR

- WF-2141 Vöflujárn
- ✓ Vinsælasta vöflujárnið okkar.
  - ✓ Bakar tvær hnauspykkar belgískar vöflur.
  - Tvö ljós gefa til kynna á meðan bakstri stendur og þegar vafflan er tilbúin
  - ✓ Stiglaus hitastillir
  - ✓ Fyrirferðalítið og auðvelt að geyma
  - ✓ Snúruvinda með stæði fyrir kló



Flottur 500W blandari í burstðu stáli með glerkönnu. Lagaðu uppáhalds heiludrykkina þína. Malar ís léttilega. Fullt verð 10.490.

TRISTAR



Kraftmikil safapressa í burstðu stáli. 2 hraðastillingar. Tekur heila ávexti og óskorið grænmeti. Tilvalið í heilsuátaki! Fullt verð 9.990.-

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**5.990**  
STYKKIÐ!

BAÐ- & ELDHÚSVOGIR

# 40% AFSLÁTTUR

Flottar bað- og eldhúsvogir. Hárnákvæmar og ýmist úr gleri, stáli eða plasti. Allar stafærnar með skjá.

Baðvogir verð frá 1.794.-  
Eldhúsvogir verð frá 1.794.-



RYKSUGUR

# 20% AFSLÁTTUR

Electrolux  
AEG TRISTAR



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**6.392**  
20% AFSLÁTTUR

# Rafha ehf

Opið  
virka daga 10-18  
laugardag 11-17  
sunnudag 13-17

Suðurlandsbraut 16 108  
Reykjavík  
Sími 5880500  
www.rafha.is

Kannabisræktun aldrei meiri hér á landi.

## Endurmeta þarf forvarnastefnuna

Nýjustu tölur um framleiðslu fíkniefna hér á landi gefa tilefni til vangaveltna um hvort ekki mætti eitthvað betur fara í hvernig hér er staðið að forvörnum og er þar áfengisstefnan ekki undanskilin.

Eftir hrun krónunnar árið 2008 og dýrtíðina sem þá tók við hefur framleiðsla á kannabisefnum tekið kipp hér á landi, að því er fram kemur í nýrri samantekt lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þannig voru á skrá lögreglu árið 2007 um tuttugu brot sem tengdust kannabisframleiðslu, en voru orðin 180 þremur árum síðar. Um leið margfaldaðist fjöldi kannabisplantna sem lögregla gerði upp-tækar. Árið 2007 voru plönturnar um þúsund talsins en síðustu ár

### SKOÐUN

Óli Kristján Ármannsson  
olikr@frettabladid.is



hefur fjöldinn verið á bilinu sex til tíu þúsund. Á sama tíma hafa rannsóknir sýnt að neysla kannabisefna, og þá helst maríjúana, hefur stóruhátt hjá ungu fólki. Í fyrrihaust var frá því greint íslensk ungmenni ættu Norðurlandamet í maríjúananeyslu. Og ekki þarf annað en að ræða við framhaldsskólanema til að fá staðfest að þeir eiga auðveldara með að nálgast kannabisefni en áfengi.

Þá virðist lítið svarað linnulausum áróðri um meint skaðleysi kannabisreykinga þar sem eiturlyfjasalar og hasshausar sem réttlæta vilja eigin neyslu vitna gjarnan í eldgamla rannsóknir. „Kannabisefni eru einu ólöglega vímuefni á Vesturlöndum sem eiga sér aðdáendahóp, „kannabisbullurnar“ sem berjast skipulega fyrir lögleiðingu þeirra,“ segir á vef SÁÁ.

Minna fer fyrir því að haldið sé á lofti nýrri rannsókn sem sanna skaðsemi þessa eiturlýfs, hvernig það eyðileggur námsgetu (sem væntanlega bætir gráu ofan á svart í tölfræði um unglina sem ekki geta lesið sér til gagns), ógnar geðheilsu og veldur ánetjan sem hefur í för með sér veruleg fráhrarfeinkenni.

Því má að minnsta kosti velja fyrir sér hvort hátt verð og aðrar aðgerðir sem gripið hefur verið til í forvarnaskyni til að beina ungu fólki frá áfengi, svo sem blástursmælingar við inngang á dansleikjum framhaldsskóla, ýti fremur undir að ungmennin leiti annarra vímuegjafa, svo sem maríjúana. Eftir uppgang þeirrar framleiðslu síðustu ár er bæði ódýrara og auðveldara fyrir ungmenni að hafa upp á slíkum efnun, auk þess sem þau sleppa óhindrað í gegn um blástursmælingu skólanna sem viðhafa slík meðul.

Vitanlega væri allra best að ungdómurinn héldi sig frá vímuefnaneyslu í hvaða mynd sem hún er, lögleg eða ólögleg. Með fræðslu og þeirri fyrirmynd sem felst í eðlilegri umgengni við áfengi má hins vegar teljast líklegri að neysla ungmenna hefjist síðar og verði fremur innan ramma laga og reglna en raunin er í núverandi fyrirkomulagi. Ekki verður fram hjá því horft að tölurnar virðast benda til þess að þjóðin hafi með stefnu sinni í forvarnamálum verðlagt áfengi út af markaðnum í ákveðnum kredsnum og búið till rými fyrir aðra ólöglega vímuegjafa. Hlýtur þar að vera komið full tilefni til að endurmeta virkni þeirra forvarnameðala sem hingað til hefur verið beitt.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



## BÓKABÚÐ FORLAGSINS

Fiskislóð 39

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA

kl. 10–18

OG LAUGARDAGA

kl. 10–14



FORLAGIÐ

Kaffi á könnunni og næg bílastæði

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Lætin grátin

Egill Helgason sjónvarpsmaður kvartar yfir því að ekki hafi verið um neina kvöldskemmtun að ræða í miðborg Reykjavíkur í gær. Þykir honum heldur lágt risið á þjóðhátíðardegi Íslendinga fyrir vikni. Það er af sem áður var, því fáir hafa skrifað meira um læti í miðbænum en einmitt Egill. Hann hefur búið þar lengi og kvartað sáran yfir þeim ólífnaði sem fylgir kvöldfyllirum í miðbænum. Nú má vel vera að hann hafi séð fyrir sér dannaða skemmtun þar sem saklaus ungmenni dilluðu sér í takt við fagra tóna. Reynslan ætti þó að sýna honum að

þúsundum ungmenna fylgir fylliri og fyllirir fylgja læti. Þess vegna eru oft læti í miðbænum.

#### Lítið er eldri manns gaman

Guðbergur Bergsson er eldri en tvævetur þegar kemur að því að hneyksla. Sú var tíð að hann breytti íslenskum bókmenntum á máta sem sumum fannst hneykslanlegur. Nú virðist hann helst dunda sér við það að yfa sem flestar fjaðrir og nota sem grófst orð, aðeins til að hneyksla. Það er af sem áður var.

#### Persónulega sambandið

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði, í háttíðarárvarpi sínu í gær, að loks hyllti undir að draumsýn Jóns Sigurðssonar og fleiri um alislenska stjórnskrá yri að veruleika. Þetta er umhugsunarefni. Jón var andsnúinn því að danskir stjórnmálamenn hlutuðust til um íslensk málefni, en hann vildi þó halda persónulegu sambandi Íslendinga og Danakonungs. Slíkt er ekki að finna í drögum að nýrri stjórnskrá, en það þykir alltaf fint að veifa Jóni á afmælinu hans.

kolbeinn@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Veidigjaldið kom fyrir löngu

### Sjávarútvegsmál



Kristinn H. Gunnarsson  
fv. alþingismaður

Veidigjald er komið á fyrir löngu í sjávarútveginum. Það gerðu útvegsmenn sjálfir. Viðskipti með veiðiheimildir eru umfangsmiklar og verðið afar hátt. Veltan nemur tugum milljarða króna á hverju ári. Tekjurnar renna nær eingöngu til handhafa veiðiheimildanna. Stjórnarflokkarnir hyggjast auka hlut ríkissjóðs úr 9,46 kr. fyrir kíló af þorski í 37 kr. fyrir veiðileyfið og hækka það svo í 54 kr. eftir þrjú ár. Utgerðarfyrirtækin sjálf krefjast um 300 kr. í endurgjald fyrir réttinn. Það er áttfalt veiðigjald. Hlutur þeirra í tekjunum er 97% og lækkar í 82% með áformum stjórnvalda. Hlutur ríkisins verður ekki talinn mikill.

Á síðasta fiskveiðiári voru 44% aflamarksins flutt á milli skipa. Viðskipti milli óskyldra aðila námu 76 þúsundum tonna. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands birti í maí 2010 skýrslu um markaðinn með veiðiheimildir. Telur stofnunin að hann sé skilvirkur og verðlagið endurspeglir fjárhagslega getu fyrirtækjanna til þess að greiða fyrir veiðiréttinn. Bent er á að kvótalitlar og kvótalausar útgerðir séu stórtækar á markaðnum

fyrir leigukvóta. Hlutur þeirra var fiskveiðiárið 2008/9 um 35% af öllum leigukvóta í þorski og ýsu það ár. Nýlegri upplýsingar eru ekki handbærar, en miðað við þetta hlutfall leigðu kvótalitlar eða kvótalausar útgerðir til sín og veiddu um 15.000 tonn af þorski og 10.000 tonn af ýsu á síðasta fiskveiðiári. Þær greiddu í veiðigjald 60-80% af verðinu, sem fæst fyrir fiskinn á fiskmarkaði. Stóru útgerðirnar, Samherji, HB Grandi og Brim, leggja á allt að 80% veiðigjald í krafti úrelts úthlutunarkerfis og kvótamarkaðar, sem LÍÚ rekur.

Þótt ríkið auki hlut sinn í veiðigjaldinu hækkan kvótaverðið ekki. Leigjendur verða jafnsettir. Hagnaður af framsalinu verður eftir sem áður mjög mikill eða þrefalt meiri en af veiðum. Þeir, sem eftir hækkan veiðigjaldsins kaupa veiðirétt til langs tíma, aflahlutdeild, verða líka jafnsettir. Verði tekið tillit til fjárskuldbindinga vegna keyptra aflahlutdeilda raskar hækkan veiðigjaldsins ekki forsendum kaupanna. Það er löngu tímabært að framsal veiðiheimilda verði fremur tekjustofn hins opinbera en fáienna útgerðarmanna.

# Á leiðinni í flug

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur



Bláamaður DV, Baldur Eiríksson, náði viðtali við Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóra í Kópavogi, í síðustu viku. Þar segir leiðtogi að 23 prósent launahækkun bæjarfulltrúa hafi ekki verið launahækkun heldur „leiðrétting“. Hann segir líka að sú eina og hálf milljón á mánuði sem honum hefur tekist að hala sjálfan sig upp í hljóti að vera eðlileg laun „miðað við aðra í sambærilegum stöðum“. Ekki vitum við hverja hann ber sig saman við en mann grunar ýmislegt.

Síðan reisir Ármann Kr. Ólafsson sér eftirfarandi bautastein í íslenski stjórnmalasögu:

„Við skárum niður allskonar lúxus, sameinuðum skóla til dæmis og hagræddum á ýmsan hátt – ég man þetta ekki alveg akkurat núna enda á leiðinni í flug.“

## Stiglækkandi hækkun

Hann er á leiðinni í flug. Nokkrum dögum síðar fékk Ármann svo einhverja hroðalegustu útreið sem íslenskur stjórnmaður hefur fengið í seinni tíð í grein sem rituð var af Skafta Halldórssyni, kennara í Kópavogi. Skafti hefur staðið í eldlnunni við að sameina skóla (lúxusinn) á þeim kjörum sem við

vitum að íslenskir stjórnmalamenn á borð við Ármann Kr. telja sér sæma að bjóða kennurum upp á og hann útskýrði í grein sinni þá ómældu vinnu og erfiði sem það hefur kostað starfsfólk skólanna að framfylgja hagræðingardyntum stjórnmalamannanna og krafðist þess í kjölfarið að laun sín yrðu „leiðrétt“ til samræmis við hið aukna álag.

Kannski hefur einhver talað við Ármann. Kannski áttaði hann sig sjálfur á því að þetta hljómaði ekki alveg nógu vel hjá honum – ekki einu sinni þó að hann væri á leið í flug. Því að síðan hefur bæjarstjórnin skrifað grein eftir grein þar sem launahækkunin – eða leiðréttingin – fer hriðlækkandi dag frá degi; úr 23 prósentum niður í sex og hálf fyrst og var í síðustu grein hans komin niður í þrjú og hálf prósent og verður í næstu grein sjálfsgagt orðið að launalækkun.

Við það situr. Hann er á leiðinni í flug. Sjálfstæðisflokkurinn mælist með meira fylgi en nokkru sinni. Við síðustu kosningar gerðu Kópavogsbúar að vísu tilraun til að hafna Sjálfstæðisflokknum og allri þeirri ógnarmiklu steypu sem þeim flokki fylgir í allri merkingu. Allt kom fyrir ekki: vinstri flokkarnir linntu ekki látum fyrir en þeir höfðu komið Sjálfstæðismönnum til valda á ný.

Þannig er það reyndar ekki á landsvísi. Og það sem meira er. Aldrei í lýðveldissögunni hefur Sjálfstæðisflokkurinn og hliðarflokkur hans Framsóknarflokkurinn verið lengur utan stjórnar.

Og ýmsir teknir að ókyrrast. En fylgi þeirra meðal almennings virðist fara sívaxandi enda fylgja nú loforð um iPad hverjum þeim sem tileinkar sér daglega Íslandssöguskrif Morgunblaðsins. Allt bendir til þess að flokkurinn sé á leið í flug. Við sjáum eitthvert nýtt sjálfstryggi í framgöngu liðsodda flokksins. Sérlegir talsmenn Sjálfstæðismanna í fjármálasíðferði, þeir Guðlaugur Þór Þórðarson og Bjarni Benediktsson, koma hvað eftir annað í ræðustól Alþingis sárhneykslaðir og veifandi hönd-

## Fljúgum hærra

Þetta var annars ekki góð vika fyrir flokkinn. Úr Keflavík tóku að berast hryllingssögur af því hvernig pótintátar flokksins sölsuðu undir sig Sparisjóð Keflavíkur og notuðu til ævintýralegrar fyrirgreiðslu fyrir sig og sína.

Það var ekki í tómarúmi. Eftir langvarandi valdatíð Sjálfstæðisflokksins var svo komið að menn voru metnir af því hversu rósir þeir væru að krækja sér í fé – hvernig sem að því var farið, hvaðan sem það kom. Hug-



Vinstri flokkarnir linntu ekki látum fyrir en þeir höfðu komið Sjálfstæðismönnum til valda á ný.

um eins og menn með málstað, til þess að lýsa yfir vandlætingu sinni út af framgöngu stjórnvalda í peningamálum. Allir láta eins og það sé eðlilegt. Guðlaugur Þór hafði á sínum tíma milligöngu um svimandi greiðslur flokknum til handa – og þáði sjálfur – frá FL-group og öðrum fjármálaflugfélögum. Og nú er hann á leiðinni í flug.

Þeir valsa um sali Alþingis eins og þeir stjórn þar öllu, neita að hleypa málum í atkvæðagreiðslu nema séu í samráði við LÍU (þ.e.a.s. samin og ráðið af LÍU). Og fulltrúar meirihlutans á Alþingi virðast ekki hafa í sér einurð til þess að höggva á þennan hnút og beita heimildum sem til eru til þess að knýja fram atkvæðagreiðslu.

myndafræðin bak við sparissjóðina var dæmd dauð og úrelt – fé án hirðis, kallaði Pétur Blöndal það og hvatti um leið hirðana til að slátra fénu, steikja það á teini og éta sjálfir. Þetta var hugmyndafræði auðhyggju, sérgæsku, ofstopa, kæruleysis, hömluleysis, sjálfumgleði, græðgi, tillitsleysis, frekju og hroka. Hún smitaði marga og augljóslega strákana í Flokknum í Keflavík. Hún var ekki síst ríkjandi þessi hugmyndafræði vegna þess að hún átti sér öflugan útbreiðslumeistara í æðstu embættum þjóðarinnar sem gáfu henni lögmæti og réttlætingu.

Og hún er á leiðinni í flug. Hitt hvort af þessu flugi verður er svo aftur undir okkur sjálfum komið.

AF NETINU

## Æviráðinn forseti

Smám saman kemst mynd á baráttuna. Forsetaefnin hafa fengið meiri kynningu, einkum hjá Ríkisútvarpinu. Skoðanakannanir eru ekki eins fjarri veruleikanum og hingað til hefur verið. Ólafur Ragnar Grímsson hefur sótt fram og virðist munu ná endurkjöri. Kynning forsetaefna hefur ekki lyft neinu hinna nýju og gerir varla úr þessu. Við sætum því bara, að vangefnir kjósendur telja fæst forsetaefnin nógu sterk. Sennilega sitjum við uppi með gamlan forsetaefna og spillta Íslands næstu fjögur árin. Að minnsta kosti, ef ekki ævilangt.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

## Ágrip af sögu hátíðarhalda 17. júní

Ég sé að víða í bæjum landsins er slegið upp böllum eða tónleikum. Kannski er ráð að fara í Hafnarfjörð eða á Akranes. Það er sagt að nó sé að hafa Gay Pride og menningarnótt, en með fullri virðingu þá eru þetta ekki þjóhátíðardagar Íslendinga. Reyndar er það svo undanfarið ár að sautjándi júní hefur verið dæmi um trúðmannlega framkomu meðan menningarnótt virðist alltaf leysast upp í allsherjar drykkju og svínari. Þetta þurfa ekki að vera stórtónleikar – slíkar samkomur eru ofmetnar. Ég man að þegar ég var strákur voru oftast nær þrjú böll í bænum á sautjándanum. Á einu spilaði vinsæl rokkhlómssveit fyrir unga fólk, svo var annað þar sem harmonikkuleikur dunaði.

blog.eyjan.is/silfuregils

Egill Helgason

## Aðalskrifstofa Ístaks er flutt að Bugðuflyjóti 19



Ístak er flutt í glæsilegt húsnæði á athafnalandinu Tungumelum í Mosfellsbæ. Fyrir nokkrum árum fluttu þjónustudeildir Ístaks í húsið. Nú eru allar fastar starfsstöðvar Ístaks á sama stað. **Verið velkomin á nýjan stað.**



**KRISTBJÖRG KJELD LEIKKONA** er 77 ára í dag.

„Mér hefur alltaf þótt gaman að glíma við íslensk verk, ekki síst af því ég var gift íslenskum höfund. Mér finnst alltaf mikið mál að þau fái sem allra besta sjósetningu. Ef það gerist ekki eiga þau það á hættu að gleymast alveg.“



**SKYLMINGAR** eru meðal þess sem er í boði í Ólympíuviku, auk hafnabolta, keilu og fleira.

## Ólympíuvika hafin

Í tilefni af 100 ára afmæli ÍSÍ og að á þessu ári eru Ólympíuleikar í London hófst sérstök Ólympíuvika 16. júní sem stendur til 22. júní. Í Ólympíuvikunni bjóða sambandsaðilar ÍSÍ upp á íþróttakynningar fyrir þá sem eru með sumar-námskeið, einnig ætla íþróttafólk að kíkja í heimsókn.

Það sem verður meðal annars í boði í Ólympíuvikunni er strandblak í Fossvoginum, skyldingar í Baldurshaganum, hafnabolti í Laugardalnum, borðtennis, frjálsar íþróttir, heimsókn í Íþróttahús fatlaðra í Hátúni, keila, knattþrautir KSÍ og fleira.

Markmiðið er að hafa gaman og kynna fyrir krökkunum ýmsar íþróttir og ekki síst sjálfa Ólympíuleikana. Ólympíuvikan er einnig vettvangur til þess að veita krökkum tækifæri til að kynna Ólympísku gildunum og fá ýmsar upplýsingar um sjálfa leikana. Fyrir hvað standa hringirnir fimm, hví er Ólympíuleidurinn tendraður á fjögurra ára fresti? Svör við þessu og ýmsu öðru er hægt að kynna sér á [www.olympiuleikar.com](http://www.olympiuleikar.com).



**EGILSENHÚS** Húsið var gert upp að utan árið 2008 og hafa endurbætur að innan staðið yfir síðan í október. Vandað er til verka og reynt að halda í söguna án þess þó að hótelið verði gamaldags.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HÓTEL EGILSEN Í STYKKISHÓLMI: ÁHERSLA Á AÐ GESTIR SKILJI EFTIR SIG SÖGU

# Hótelið verður viðbót við ferðapjónustu í Stykkishólmi

Í Stykkishólmi opnar á næstu dögum nýtt hótél í Egilsenhúsi sem stendur við Aðalgötu 2 þar í bæ. Gréta Sigurðardóttir hefur rekið gistiheimilið Bæni & brauð í þrjú ár en stækkar nú við sig og opnar Hótel Egilsen. Áhersla hefur verið lögð á gæði þjónustunnar á Bænum & brauði og verður sami háttur hafður á rekstri Hótel Egilsen.

„Við þurfum að fresta formlegri opnun að nokkra daga. Ég er svo lán-söm að hafa forsjálni og er bara búin að bóka gistirýmið með fyrirvörum,“ segir Gréta. Vinna hefur staðið síðan í október við að innrétta húsið en upphaflega var það byggt sem íbúðarhús árið 1867 af Agli Egilsen.

„Ég sá það í fyrri þegar ég var búin að bóka öll herbergi allt sumar-íð að það er eftirspurn eftir vandaðri og öðruvísi gistingu,“ heldur Gréta áfram og segist hafa lagt enn meira á sig til að veita hágæðapjónustu á gistiheimili sínu. Gæðaurval gistiþálssu er meira með þjónustu hennar.

„Svo var Egilshús á sölu í fyrri. Við fórum ekki að huga að því að kaupa það fyrr en í júlí og þá hafði enginn sýnt því áhuga,“ segir Gréta. Húsið var gert upp árið 2008 og er í fullkomnu ástandi að utan og er ytra byrði þess friðað. Gréta segir þó hafa þurft að endurskipuleggja innra rýmið svo það henti hóteli. Vinna við það er að klárast um þessar mundir. Framkvæmdirnar hafa einnig skapað atvinnu fyrir marga í Stykkishólmi.

„Við erum að vanda okkur mikið og leggjum áherslu á að fólk verði ekki fyrir ónæði frá öðrum gestum og að það sé engin hætt á ferðum. Það eru bara tíu herbergi svo þetta er bara lítið og kósý hótél. Ég kalla það litla demantinn minn,“ segir Gréta.

„Við sýnum húsinu mikla virðingu við breytingarnar. Ég sé þetta ekki sem samkeppni heldur viðbót við það sem fyrir er. Við stefnum að því að hafa opið allt árið og þannig er markaðssetning okkar byggð upp.“ Gréta segir enn fremur að hótelið eigi að

vera sögu- og heildarleikahótél. Gestum mun standa til boða að afgreiða sig sjálfir á barnum og þarna verða dýrir hlutir sem Gréta treystir gestum fyrir að ganga vel um.

Gestir verða hvattir til að skilja eftir sig sögu og frásagnir af sínum ferðum og af sér, hvort sem það eru myndir, frásagnir skrifaðar á servíettur eða teikningar. Gréta segir að gaman sé að skilja eitthvað eftir sig auk þess að taka með sér minjagrip. „Hver einasti hlutur í húsinu hefur verið valinn með það í huga að hann hafi að geyma einhverja sögu. Við reynum að halda í það gamla, án þess að það verði gamaldags. Þetta er svona nútímahótél með gömlu ívafi.“

„Húsgögnin eru skandinavísk og íslensk hönnun. Við erum til dæmis afskaplega stolt af því að eiga fimm stóla eftir Svein Kjjarval. Sagan er ekki bara það sem hefur verið ritað, heldur lítum við svo á að lífið okkar sé saga,“ segir Gréta að lokum.

[birgirh@frettabladid.is](mailto:birgirh@frettabladid.is)



Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi

**HJALTI GUÐMUNDSSON** meindýraeyðir

Huldugili 6, Akureyri,

verður jarðsönginn frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 19. júní kl. 13.30.

Guðný Ósk Agnarsdóttir  
Ingibjörg Jóhannsdóttir  
Heiður Hjaltadóttir  
Gígja Hjaltadóttir  
Agnar Kári Sævarsson  
Sigurlaug Sævarsdóttir  
afabörn og aðrir aðstandendur

Arnar Már Sigurðsson

Heiðrún Georgsdóttir  
Hilmar Þór Ívarsson



Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og systir,

**KRISTÍN HRÖNN RAGNARSDÓTTIR BRANTLEY**

Savannah, Missouri

(áður Smáratúni 44, Keflavík)

lést á heimili sínu 29. maí sl. eftir langvarandi veikindi. Minningarathöfn fer fram frá Keflavíkurkirkju, mánudaginn 18. júní kl. 13.

Fyrir hönd aðstandenda hinnar látnu,  
John Richard Brantley



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**BIRKIR ÞÓR GUNNARSSON** Ljósuvík 14, Reykjavík,

sem lést 9. júní verður jarðsönginn frá Grafarvogskirkju 19. júní kl. 13.00.

Peim sem vildu minnast hans er bent á Líknar- og styrktarsjóð Oddfellowa.

Gunnar Birkisson  
Stefán Hjálmar Birkisson  
Dagný Björk Stefánsdóttir  
Aron Birkir Stefánsson  
Hanna Björt Stefánsdóttir

Jóhanna B. Þórhallsdóttir  
Margrét Björk Kjartarsdóttir  
Steindór Hjartarson  
Herdís Helgadóttir



## Sumartónleikar á Akureyri

Listvinafélag Akureyrarkirkju stendur fyrir tónleikaröð í júlí á hverju ári, sem nefnist Sumartónleikar í Akureyrarkirkju. Þetta er næstelsta tónleikaröð á Íslandi og hefur hún verið haldin í vel á þriðja áratug.

Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá í sumar, flutta af framúrskarandi listafólki. Hinn 1. júlí kemur Hjörleifur Örn Jónsson slagverksleikari fram, en hann er jafnframt skólástjóri Tónlistarskólans á Akur-

eyri. Hinn 8. júlí kemur Margrét Bóasdóttir sópransöngkona fram ásamt Chalumeaux-tríóinu, en það skipa þeir Kjartan Óskars-son, Sigurður Ingvi Snorra-son og Ármann Helgason.

Viku síðar, 15. júlí, spila organistarnir Sigrún Magna og Eyþór Ingi fjór-hent og fjórfætt á kirkjuor-gelið en 22. júlí koma þær Guðrún Óskarsdóttir semb-alleikari og Halla Steinunn Stefánsdóttir fiðluleikari fram.

Erlendir gestir reka smiðshöggjö á tónleikaröðina í Akureyrarkirkju 29. júlí en þá leikur Trio Bruun frá Danmörku listir sínar, en það er skipað Steffen Bruun bassasöngv-ara, Hetna Regitze Bruun sópransöngkonu og Philip Schmidt-Madsen orgelleik-ara.

Allir tónleikarnir hefjast klukkan 17 og aðgangur er ókeypis á þá alla, nema á tónleikana 29. júlí þá kostar miðinn 1.500 krónur.



**AKUREYRARKIRKJA** Sumartónleikaröðin er sú næstelsta á landinu.

ÞETTA GERÐIST: 18. JÚNÍ 1873

## Kona sektuð fyrir að kjósa

Susan B. Anthony fæddist 15. febrúar árið 1820 í Massachusetts. Hún var bráðþroska, orðin læs og skrifandi aðeins þriggja ára. Faðir hennar, sem var verksmiðju-eigandi, var framsýnn maður og vildi að dóttir hans fengi menntun. Hins vegar voru kennarar ekki á sama máli og hún var sniðgengin í barnaskóla vegna kynferðis síns. Föður hennar ofbauð og hann tók að sér að kenna dóttur sinni sjálfur. Þessi reynsla varð sennilega til þess að Susan B. Anthony varð ein helsta baráttukona fyrir



réttindum kvenna á níttjándu öld í Bandaríkjunum. Síðar launaði hún föður sínum þá trú sem hann hafði á henni og vann sem kennari til að greiða skuldir hans, þegar hann varð gjaldþrota. Hún ferðaðist víða um heim til að berjast fyrir réttindum kvenna og árið 1873 var hún sektuð um 100 dollara fyrir að greiða atkvæði í forsetakosningum árið áður. Þá höfðu konur ekki kosningarétt og hún var handtekin fyrir athæfið.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## KVENNAMESA Í LAUGARDAL

Á morgun, kvenréttindadaginn, verður Kvennakirkjan með guðsþjónustu við Þvottalaugarnar í Laugardal kl. 20 í samstarfi við Kvenréttindafélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands. Séra Agnes M. Sigurðardóttir, verðandi biskup, predikar. Hópur kvenpresta mun taka þátt í messunni og fagna þannig kjöri fyrsta kvenbiskups yfir Íslandi.



Vandaðir og níðsterkir stólar úr styrktu Polypropelyn-trefjum, og eru staflanlegir. Henta hvort sem er inni eða úti, upplitast ekki. Tilvalið fyrir veitingahús, pallin heima og fl.



Litir.: Hvítt-Grænt

Litir.: Hvítt-Orange

resol  
JARN&GLER

Járn og gler hf - Skútuvegur 1H  
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 5858900 - www.jarngler.is



## SALT Í GRAUTINN

**GÓÐ INNFLUTNINGSGJÖF** Edda Katrín Ragnarsdóttir vöruhönnuður ræktaði saltkristalla á snæri í lokaverkefni sínu út frá gamalli hjátrú.

Saltbjörgu er ætlað að hanga við hlið þér við matseldina og er saltinu stráð yfir matinn af snærinu. Saltbjörg er einnig sérstök gjöf, hún er tákn og fjandafæla sem heldur því jákvæða inni og því neikvæða úti. Ég hef fengið góð viðbrögð og ætla að þróa verkefnið frekar," segir Edda Katrín Ragnarsdóttir, nýútskrifaður vöruhönnuður frá LHÍ, en í lokaverkefni sínu vann hún með þá gömlu hjátrú að fara skuli með brauð og salt fyrst inn í húsnæði þegar flutt er inn.

„Það er gert til að vernda heimilið svo hvorki skorti mat né salt í grautinn," útskýrir Edda og segist hjátrúarfull sjálf. Hún hafi meðal annars sókk sér ofan í Stóru hjátrúarbókina við vinnslu verkefnisins.

„Bókin varð eins konar biblíja gegnum allt rannsóknarferlið. Ég ákvað að vinna með saltið því það kemur okkur öllum við. Við gætum ekki lifað án salts. Í hjá-

trúnni segir einnig að salt hafi áður fyrr verið tákn vináttunnar," útskýrir Edda. „Ferlið við að rækta saltið upp á snærið tók langan tíma eða allt upp í átta vikur. Þetta hæga ferli finnst mér mikilvægt fyrir merkingu vörunnar," segir Edda.

Aðspurð um framtíðaráformin nú eftir útskrift segist hún ætla að endurnæra sig í sveitaloftinu heima á Flúðum næstu vikur. Eftir það taki ævintýrin við í Suður Frakklandi.

„Ég fer á sumarnámskeið hjá breska hönnuðinum Max Lamb í Boisbuchet-School. Í framtíðinni ætla ég svo í mastersnám í vöruhönnun en tek mér pásu einn vetur. Ég ætla bara að gera skapandi og skemmtilega hluti. Maður er alltaf að læra eitthvað nýtt og ögrandi og tækifærin liggja alls staðar, ef þau eru ekki til staðar bý ég þau til. Eins og Elsa frænka mín segir; það eru til ráð við öllu nema ráðaleysi."

■ heida@365.is

**HJÁTRÚARFULL** Edda Katrín Ragnarsdóttir vöruhönnuður vann út frá gamalli hjátrú í lokaverkefni sínu við LHÍ.

MYND/ANTON



**LANGT FERLI** Allt upp í átta vikur tók að rækta saltið upp á snærið.

MYND/HÉDINN EIRIKSSON

## Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

## Sofðu vel - heilsunnar vegna

TILBOÐ Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

MIKIÐ ÚRVAL AF  
SVEFNSÓFUM



12 mánaða  
vaxtalausar  
greiðslur\*



PROFLEX

Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.  
Verð frá kr. 339.900 á hjónarúmi.



www.svefn.is

Gerðu gæða- og  
verðsamanburðu

Svefn & heilsa



\*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

## SAGA HÍBÝLA Í SVEITUM

### EYÐIBÝLI SKRÁSETT

Árið 2011 hófst Rannsóknarverkefnið Eyðibýli á Íslandi en að því standa arkitektar, sagnfræðingar og jarðfræðingar meðal annarra.



Markmið verkefnisins er að rannsaka og skrá umfang og menningarlegt vægi eyðibýla og annarra yfirgefna íbúðarhúsa í sveitum landsins og stuðla að björgun áhugaverðra og byggingarsögulega mikilvægra húsa.

Sumarið 2011 voru skrásett eyðibýli og yfirgefin húsa á Suður- og Suðausturlandi.

Í ár verður Vesturland skoðað og Norðausturland tekið fyrir á sama máta. Nú er hægt að fylgjast með framgangi verkefnisins á Facebook-síðunni Eyðibýli á Íslandi.

**GRILL  
KÓNGURINN**

**ELDHEIT  
ÍSLENSK  
HÖNNUN**

SVUNTA  
HANSKI  
HÚFA  
Í HANDESKREYTTUM  
GJAFAPÓKA

**Útsölastaðir:**

Kokka - Dúka - Grillbúðin - Álafoss - 18 Rauðar Rósir - Þjóðminjasafnið -  
Dalía - Blómasmiðjan - Garðheimar - Hús handanna, Egilsstöðum -  
Pottar og Prik, Akureyri, Aðalbúðin, Siglufirði - Þróstur Ormsson, Ísafirði -  
Mottivo, Selfossi - Hverablóm, Hveragerði - Póley, Vestmannaeyjum.

**Dreifing: Auntsdesign, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi - s. 618 - 3022**

## LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland. Stuðst er við námskrá menntamálaráðuneytisins um viðurkennt leiðsögunám.

**Helstu námsgreinar:**

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðapjónusta.
- Mannleg samskipti.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum. Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

**Umsögn:**  
„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það ódlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni.“

Martha Jensdóttir  
kennari.

**Opið 8-22**

**Ferðamálastólaskóli Íslands**

Ferðamálastólaskóli Íslands • [www.menntun.is](http://www.menntun.is) • Sími 567 1466

# VERSACE-HÖLLIN TIL SÖLU

**SÖGUFRÆGT HÚS TIL SÖLU** Þetta fallega hús sem byggt var árið 1930 á Miami Beach er nú til sölu á 125 milljónir dollara. Í dag er það hótél og veitingastaður en áður átti Gianni Versace fatahönnuður heima þar.

**H**ús Gianni Versace er nú til sölu. Það er á Miami Beach í Flórída. Húsið kostar 125 milljónir dollara en það eru litlir 16 milljarðar.

Húsið var byggt árið 1930 og er fyrirmynd þess elsta húsa í vesturhluta heimsins, Alcazar de Colon í Dóminíska lýðveldinu, byggt árið 1510 af syni Kristófers Kólbúss. Í fyrstu var húsið kallað Casa Casuarina en eftir að Jacques Amsterdam keypti það og notaði sem þrjátíu eininga íbúðarhúsnæði fyrir listamenn og ríkt fólk var það kallað Amsterdam-höllin.

Gianni Versace, ítalski fatahönnuðurinn, keypti húsið árið 1993 á 2,9 milljónir Bandaríkjadala eða 375,2 milljónir króna. Hann keypti einnig autt hótél við hliðina á húsinu til að hafa meira pláss. Þar setti hann viðbyggingu við húsið, bílskúr, sundlaug og garð en þessar breytingar kostuðu 33 milljónir dollara.

Á meðan Versace var eigandi voru oft haldin partí þar sem allir helstu listamenn heims og stórstjörnur skemmtu sér. Versace fékk þó ekki að njóta hússins lengi því hann var skotinn til bana fyrir utan heimili sitt, 16. júlí 1997. Eftir dauða Versace var húsið sett á uppboð og milljarðamæringurinn Peter Loftin keypti það. Árið 2009 var húsinu breytt



**STÓRGLÆSILEGT**  
Húsið er eitt það glæsilegasta á Miami.

**FLOTT HÖNNUN** Mikið var lagt í hönnunina á húsinu.

í hótél, veitingastað og spa og er nóttin á hótelinu ein sú dýrasta sem fyrirfinnst í Bandaríkjunum.

## HITA KÚTAR

Amerísk gæða  
framleiðsla

30-450  
lítrar

Umboðs-  
menn um  
land allt

### RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · [RAFVORUR@RAFVORUR.IS](mailto:RAFVORUR@RAFVORUR.IS)

## SKEMMTILEGT FUGLAHÚS


Hjálpsamir smáfuglar

### NOTALEGIR NÁGRANNAR

Hvort sem það er í garðinum heima eða fyrir utan sumarbústaðinn er eitt-hvað notalegt við þessa fíruðu nágranna sem keppast syngjandi við að færa björg í bú.

Auk þess eru þetta finustu meindýraeyðar og hjálpa okkur við að halda skordýrum í lágmarki í garðinum, á umhverfisvænan hátt.

Þrátt fyrir að nóg sé af skordýrum í garðinum má þó ekki gleyma að gefa fuglunum því annars er ekki víst að þeir setjist að. Hafid ekki áhyggjur af því að þeir taki fóðrið fram yfir skordýrin því þau tína þeir aðallega sem fæði fyrir ungana sína.



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölu menn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is), s. 512 5473** | **Sverrir Birgir Sverrisson, [sverrirbs@365.is](mailto:sverrirbs@365.is), s. 512 5432** | **Elsa Jensdóttir, [elsaj@365.is](mailto:elsaj@365.is), s. 512-5427**



# GLUGGAR OG HURÐIR

Ert þú að kaupa vottaða glugga og hurðir?

- Gluggar
- Svalahurðir
- Opnanleg fög
- Rennihurðir
- Útidyrhurðir
- Bílskúrshurðir



Gluggar og hurðir frá Selós eru CE vottað og prófuð hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Stofnað 1973

Selós // Gagnheiði 72 // Selfoss // Sími 482 4100

[www.selos.is](http://www.selos.is)



## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnþogi Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson  
sölufulfrú og lögg. leigumíðlari



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Anna Svala Árnadóttir  
sölufulfrú



Ruth Einarsdóttir  
sölufulfrú



Ásdís Irena Sigurðardóttir  
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

## Einbýlishús með góðum garði í Garðabæ

Heimili, fasteignasala kynnrir:

Einbýlishús á einni hæð í Garðabæ ásamt bílskúr, samtals 164,4 fm. Húsið var byggt árið 1964. Góð aðkoma er að húsinu og fallegur garður.

Þegar inn í húsið er komið tekur við flísalögð forstofa. Þrjú svefnherbergi og eitt herbergi inn af bílskúrnum en gengið er inn í það úr garðinum. Góðir fataskápar á heilum vegg í hjónaherbergi. Mikil skápláss er á herbergjagangi. Gestasalerni er flísalagt.

Badherbergið er flísalagt að hluta og panelklætt loft og veggir. Badkar og sturtuklefi, gluggi og innrétting. Fin eldhúsinnrétting og granít í borðplötum.

AEG-ofn og Gaggenau-helluborð.



Einbýlishús ásamt bílskúr við Faxatún í Garðabæ.

Opið er inn í stofu og borðstofu. Þaðan er útgengt út í stóran, fallegan garð í góðri rækt. Geymsluskúr á lóðinni.

Þvottahúsið er með innréttingu og hillum. Flísar á gólfi og útgengt út í garð á vesturhlíð. Bílskúr með hita og rafmagni, hurðaropnari.

Í heildina fínt hús sem býður upp á mikla möguleika. Ekkert áhvíl-

andi. Góð aðkoma. Stór og mikill garður í suður. Stutt í margvíslega þjónustu. Pípuþvottur (heitt og kalt) endurnýjaðar 2009 ásamt því að nýtt parket var lagt á íbúðina.

**PANTIÐ TÍMA TIL ÞESS AÐ SKOÐA.**

Nánari upplýsingar gefur Gústaf Adolf lögg. fasteignasali, gustaf@heimili.is / 530-6507 / 895-7205

## FASTEIGNASALAN BÆR



Auður Kristinsdóttir  
Sölufulfrú  
Elin Viðarsdóttir  
Lögg. fasteignasali

Hraunbær 174, 2. hæð, 2ja herb. - Auðveld kaup.  
Opið hús þriðjudaginn 19. júní kl. 18:00 - 18:30.



Vel staðsett íbúð í Árbænum með verslanir, skóla og þjónustu á næsta leiði. 59 fm Áhvílandi 15,7 m Verð 16,5 m

Sími 824 7772

audur@fasteignasalan.is  
Auður Kristinsdóttir

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

ÞAÐ ERU ENGINN HÖFT Á VIÐSKIPTUNUM Á VÍSI



## Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested  
lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is



KJARNNA - ÞVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

### Sólbakki - 270 Mosfellsbær




• Nýtt á skrá •

Glæsilegt 218,4 m<sup>2</sup> einbýlishús á 3.550 m<sup>2</sup> gróinni eignarlóð við Sólbakka í Mosfellsbæ. Um er að ræða fallett 153,4 m<sup>2</sup> einbýlishús með 2-3 svefnherbergjum, stofu, borðstofu eldhúsi, badherbergi, þvottahúsi, ásamt 65 m<sup>2</sup> bílskúr sem skiptist í bílskúr og aukaíbúð með stofu, eldhússkrók, svefnherbergi, svefnlofti og badherbergi. Lóðin er sérlega falleg með miklum trjágróðri, pöllum og grasflöt. Aðkoma að húsinu og bílplani er malbikað. V. 56,5 m.

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

### Hvammsskógur - Við Skorradalsvatn



• Nýtt á skrá •

Glæsilegt 112 m<sup>2</sup> steypt heilsárhús á tveimur hæðum, þar sem hluti efri hæðar er þakvernd sem er 71 fm. Glerskáli 41 fm. með rennihurð út þakverndina. Þakverndin er hellulögð með sérsteyptum flisum og timburpöllum. Staðsetning hússins er einstök þar sem húsið er stakt og ekki í nálægð við aðra bústaði. Í gegnum lóðina rennur lítil lækur. Útsýni er gott yfir vatnið og sérstaklega til vesturs þar sem Skessuhorníð gnæfir yfir. Lóðin er eignarlóð og er stærð lóðar 3352 m<sup>2</sup>. V. 55,0 m.



Laxatunga 124 - 270 Mosfellsbær  
\*Nýtt á skrá\* Mjög fallett 118,1 m<sup>2</sup> endaraðhús á einni hæð með möguleika á bílskúli við Laxatungu 124 í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, stóra stofu/borðstofu, glæsilegt eldhús, flísalagt badherbergi m/sturtu, tvö svefnherbergi og þvottahús/geymslu. Falleg timburvernd og þökulögð lóð. V. 31,9 m.



Klapparhlíð 24 - 270 Mosfellsbær  
Mjög fallett 113,5 m<sup>2</sup>, 5 herbergja endaíbúð með glæsilegu útsýni á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, fjögur svefnherbergi, badherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Seljandi skoðar skipti á 3ja herbergja íbúð. Áhvílandi lán hjá Landsbanka Íslands ca. 27,3 m. V. 28,8 m.



Ástu-Sólliljugata - 270 Mosfellsbær  
\*Nýtt á skrá\* Erum með til sölu þrjár 150-156 m<sup>2</sup> 4ra herbergja sérhæðir í tvíbýlishúsum við Ástu-Sólliljugötu 1-7 í Mosfellsbæ. Hver íbúð skiptist í forstofu, gang, þrjú svefnherbergi, badherbergi, þvottahús, geymslu, stóra stofu, eldhús og borðstofu. Íbúðin afhendast 15. september 2012, fullbúnað án gólfefna, en flísar á forstofu, þvottahúsi og badherbergi. Verð frá 33,0 m.



Bryggjuvegur 15 - Við Geysi Haukadal  
61,7 m<sup>2</sup> sumarhúsið er við Bryggjuveg 15 við Geysi í Haukadal á 6.600 m<sup>2</sup> eignarlóð. Fallett útsýni. Húsið skiptist í forstofu, stofu, eldhús, tvö herbergi, badherbergi og geymslu. V. 12,9 m.

### Klapparhlíð 1, íbúð 405 - 270 Mosfellsbær



Glæsileg 121,2 m<sup>2</sup> 3ja herbergja endaíbúð á efstu hæð í 4ra hæða lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri, með geymslu og bílastæði í bílakjallara við Klapparhlíð 1 í Mosfellsbæ. V. 39,9 m.

Opið hús - Þriðjudaginn 19. júní á milli kl. 17:30-18:00

### Lágholt 21 - 270 Mosfellsbær



• Nýtt á skrá •

Mjög fallett og mikið endurnýjað 223,7 m<sup>2</sup> einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Lágholt 21 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, badherbergi, þvottahús, gestasalerni, geymslu, eldhús, stofu, borðstofu og sjónvarpsstofu. Bílskúrinn er 30,4 m<sup>2</sup>. V. 49,5 m.

### Prastarhöfði 2 - 270 Mosfellsbær



• Nýtt á skrá •

Fallett 107,8 fm, 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli með miklu útsýni við Prastarhöfða 2 í Mosfellsbæ. Um er að ræða 4ra herbergja 100,2 m<sup>2</sup> íbúð á efstu hæð, ásamt 7,6 m<sup>2</sup> geymslu. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, hol, þvottahús, badherbergi, stofu, borðstofu og eldhús. V. 27,3 m.

### Skútvogur 3 - Vöruhótel



Eignin er laus til afhendingar strax. Verð kr. 480.000.000,- Allar nánari upplýsingar hefur Einar Páll, löggiltur fasteignasali í síma 586 8080.



**Hrólfsskálamelur – Seltjarnarnesi**



**Glæsilegt fjölbýlishús.  
Einstök staðsetning**

Glæsilegar lúxusíbúðir í nýju þriggja hæða lyftuhúsi. Íbúðirnar eru afar vandaðar og er mikið lagt í hönnun, efnisval, búnað og frágang. Stærðir eru frá 84 fm. upp í 225 fm. og afhendast þær fullbúnar án gólfefna. Eitt til þrjú bílastæði fylgja hverri íbúð.

**Sölumenn Fasteignamarkaðarins sýna.  
Sjá nánari skilalýsingu á www.fastmark.is**

**SÉRBYLI**



**Mávanes- Garðabæ**

Glæsilegt einbýlishús á sunnanverðu Arnarnesi. Vandað og vel skipulagt 312,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað á sunnanverðu Arnarnesinu. Húsið er mjög fallegt „funkis“ hús með kopar þakkanti og gólfisíðum gluggum að hluta. Útsýni til sjávar er á milli húsa, úr stofum. Samliggjandi bjartar stofur. Borðstofa með útgangi á verönd. Eldhús með innréttingum úr aski. Sex svefnherbergi. Tvö baðherbergi auk gestasalernis. Aðalbadherbergi hússins er nýlega endurnýjað. Húsið er nýlega málað að utan. Stór, ræktað og skjólsæl lóð með veröndum og stéttum. Hiti er í innkeyrslu og göngustigum við húsið. Tvöfaldur bílskúr. **Tilboð óskast**



**Reynilundur 15 - Garðabæ.**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00-17.30**

Vel staðsett 204,9 fm. 5 herbergja raðhús á einni hæð að meðtöldum 52,9 fm. tvöföldum bílskúr. Björt stofa með góðri tengingu við borðstofu og eldhús. Falleg ljós viðarinnrétting í eldhúsi. 4 herbergi. 2 baðherbergi. Húsið hefur verið endurnýjað að hluta s.s. ytra byrði, gólfefni og eldhús. Lóð í rækt með lýsingu. **Laust til afhendingar strax. Verð 47,7 millj. Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**



**Unnarbraut - Seltjarnarnesi**

320,2 fm. heil húseign með tveimur íbúðum á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Eignin skiptist í 160,0 fm. 5 herbergja efri sérhæð ásamt 37,8 fm. geymslu á jarðhæð og 39,0 fm. bílskúr. Á neðri hæð er 83,3 fm. 3ja herbergja íbúð með sérinnangi. Frá efri hæð er frábært útsýni til suðurs og vesturs. **Vel staðsett eign sem býður upp á mikla möguleika. Verð 67,0 millj.**



**Hverafold. Einbýlishús með aukaíbúð**

Reisulegt 275,5 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 3ja herb. aukaíbúð á jarðhæð, innbyggðum bílskúr og stórum velheppnuðum suður garði. Húsið er vel viðhaldið og býður upp á mikla möguleika. Stofur með mikilli lofthæð og útgengi á suðursvalir, eldhús með sérhannaðri innréttingu og 4 herbergjum auk séríbúðar á neðri hæð. Stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla. **Verð 74,9 millj. Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**



**Starhagi**

307,2 gm. Glæsilegt einbýlishús á þremur hæðum með aukaíbúð á þessum glæsilega útsýnisstað auk 35,1 fm. bílskúrs. Á aðalháð eru m.a. samliggjandi stofur með föstum innréttingum, borðstofa, sjónvarpsstofa og eldhús með fallegum upprunalegum innréttingum. Á efri hæð eru 5 herbergi og baðherbergi. Íbúð í kjallara er 3ja herbergja, samþykkt og með fullri lofthæð. Glæsilegt útsýni úr stofum út á sjóinn. **Falleg lóð. Frábær staðsetning.**

**4 - 6 HERB.**



**Vatnsstígur**

Glæsileg 4ra herbergja 119,3 fm. útsýnisíbúð á 7. hæð auk 13,3 fm. geymslu í kjallara og stæði í bílageymslu í nýju lyftuhúsi í hjarta borgarinnar. Allar innréttingar og skápar í íbúðinni eru íslensk sérsmiði frá GKS. Rúmgóð og björt stofa/borðstofa með frábæru útsýni til norðurs. Bókastofa með útgengi á svalir og með útsýni til suðurs. Íbúðin er parketlögð með fjótalndi plankaparkei. Hiti er í gólfum baðherbergis og gestasnyrtingu. Húsið er hannað af arkitektastofunni Schmidt, Hammer og Larssen og Hornsteinum. **Íbúðin er laus til afhendingar strax. Verð 67,5 millj.**




**Jónsgeisli**

Mjög fallegt og vel skipulagt 237,7 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað í Grafarholti. Rúmgóð stofa, stórt sjónvarpshol og 4 svefnherbergi auk fataherbergis. Allar innihurðir, parket og innréttingar eru úr eik. Verulega aukin lofthæð á efri hæð og lofthæð á neðri hæð er 2,6 metrar. Hús nýlega málað að utan og lóð nýlega endurnýjuð. **Miklar verandir og skjólveggir. Verð 67,5 millj.**



**Kringlan – endaraðhús**

Fallegt og vel skipulagt 174,9 fm. endaraðhús auk 24,8 fm. bílskúrs við Kringluna. Stórar samliggjandi stofur með arni, rúmgott eldhús með miklum innréttingum og stórum eyju, sjónvarpsstofa/herbergi með útgangi á svalir til vesturs og 3 rúmgóð herbergi auk fataherb./vinnuherb. Innaf hjónaherbergi. Algirt og skjólgóð lóð með stórru verönd.



**Fjölisvegur- efri sérhæð**

Góð 4ra herbergja 109,3 fm. efri sérhæð auk riss í tvíbýlishúsi á þessum eftirsóttu stað. Aukin lofthæð er á hæðinni og útsýni nýtur frá íbúðinni. Hæðin skiptist í samliggjandi opnar stofur, eldhús, tvö herbergi, flisalagt baðherbergi og þvottastöðu. Í risi lítið rúmi (geymsla). **Svalir út af stígapalli. Verð 37,5 millj.**

**GARÐABÆR**

**Vel staðsett 310 fm. einbýlishús með innbyggðum 36 fm. bílskúr á Flötunum alveg niður við lækinn. Eign sem þarfnast nokkurra endurbóta.**

**Nánari upplýsingar veitir  
Guðmundur Th. Jónsson  
lögg. fasteignasali.**



**Kaplaskjólsvetur**

Vel skipulagt og fallegt 187,0 fm. endaraðhús á pöllum auk 30,0 fm. bílskúrs í vesturbænum. Stórar og bjartar stofur. Sjónvarpshol. Eldhús með góðri borðaðstöðu. 5 herbergi. Nýlega endurnýjað baðherbergi. **Stórar suðursvalir og rúmgóð afgirt lóð til suðurs með helulagðri verönd. Hús í góðu ástandi að utan. Verð 59,0 millj.**



**Melgerði.**

Glæsilegt einbýlishús á frábærum stað með glæsilegri afgirtri og gróinni lóð með miklum hellulögðum veröndum. Nýlega endurnýjað eldhús. Bjartar og rúmgóðar stofur. Sólskáli. Tvö svefnherbergi (þrjú á teikningu). Flisalagðar svalir út af hjónaherbergi. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á sl. árum m.a. er nýr marmarasali á húsinu að utan og nýleg skifa á þaki. **Fallegt lítið hús á baklóð. Verð 47,0 millj.**



**Gullsmári – Kópavogi. 4ra herbergja íbúð.**

Falleg og vel skipulögð 94,4 fm. íbúð á 5. hæð að meðtalinni sér geymslu í kjallara. Rúmgóð stofa með útgangi á svalir til suðausturs. Þrjú svefnherbergi. Sjónvarpshol. Eldhús með sprautulökkuðum og mahogny innréttingum. Baðherbergi með þvottaðstöðu. Sameign til fyrirmyndar. **Stutt í þjónustumiðstöð eldri borgara. Verð 26,9 millj.**



**Fagrahæð – Garðabæ**

Fallegt 219,0 fm. einbýlishús með innb. bílskúr á þessum eftirsóttu stað í Garðabæ. Eignin er með vönduðum innréttingum, mikilli lofthæð og innbyggðri lýsingu í loftum. Glæsilegt eldhús með eyju, rúmgóðar stofur, sjónvarpsrymi/vinnuástaða, 3 svefnherbergi og 2 baðherbergi. Útgengt úr stofum í garðskála með heitum potti. **Gólfhiti að hluta. Verð 65,0 millj.**



**Furugrund-Kópavogi. 4ra – 5 herbergja.**

Góð 102,0 fm. íbúð á 2. hæð að meðtöldu 15,3 fm. aukaherbergi í kjallara. Stofa með útgangi á suðursvalir. Eldhús með borðkrók og glugga til austurs. Þrjú herbergi. **Eign á góðum stað, stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla. Verð 24,8 millj.**



Um er að ræða þrjá eignarhluta sem seljast í einu lagi. Verslunarhúsnæði er á jarðhæð auk tveggja eignarhluta á 2. hæð samtals 240,1 fermetrar. Eignarhlutana á 2. hæð hússins sem eru tilbúnir undir innréttingar mætti mögulega fá samþykka sem tvær íbúðir og innrétta þá sem slika. Kjöríð tækifæri fyrir fjárfesta eða iðnaðarmenn til að innrétta eignina og útbúa íbúðir á efri hæð. Verð 54,9 millj.

## Frábært fjárfestingar-tækifæri í Þingholtunum.



### Línakur – Garðabæ. 4ra herbergja

Falleg 133,6 fm. 4ra herbergja íbúð á 3. hæð með góðu útsýni til suðurs í góðu fjölbýli Akrahverfinu í Garðabæ. Úr stofu er útgengi á suðursvalir með góðu útsýni. Opíð eldhús. 3 rúmgóð herbergi með skápum. Þvottaherbergi innan íbúðar. **Stutt í skóla og leikskóla. Verð 35,9 millj.**



### Ægisíða - 4ra herbergja

Falleg 96,1 fm. 4ra herb. íbúð á 2. hæð í þrjúliðshúsi í vesturbænum. Eldhús með ljósum víðarinnréttingum. Rúmgóð stofa/borðstofa. 3 herbergi. **Búð er að endurnýja gler í íbúðinni að mestu og þak var endurnýjað fyrir nokkrum árum síðan. Verð 27,5 millj.**



### Ásakór-Kópavogi. 5 herbergja íbúð með bílskúr.

Glæsileg 154,7 fm. 5 herbergja íbúð á efstu hæð auk bílskúrs með 8,4 fm. geymslu innaf. Tvennar svalir eru á íbúðinni til suðurs og austurs og fallegt útsýni. Rúmgóð stofa, eldhús opíð við stofu og 4 rúmgóð herbergi. **Stutt í skóla, sundlaug og verslanir. Verð 39,9 millj.**



### Strandvegur- Sjálandi Garðabæ. Glæsileg 4ra herbergja íbúð

Mjög falleg og vönduð 4ra herbergja íbúð á efstu hæð með mikilli lofthæð í vönduðu litlu álklaeddu fjölbýlishúsi. Stórar stofur með 4,5 metra lofthæð og gólf-síðum gluggum. Flísalagðar svalir. Opíð eldhús við stofu með eyju. Þrjú rúmgóð herbergi, öll með fataskápum. **Sér staði í bílageymslu. Verð 36,9 millj.**



### Hofakur – Garðabæ. 4ra herbergja útsýnisíbúð

Falleg og björt 120,4 fm. 4ra herbergja íbúð á efstu hæð auk sér staðs í bílageymslu og 20,2 fm. sér geymslu í kjallara. Allar innréttingar og gólfefni eru úr eik. Vönduð tæki í eldhúsi og eyja. Þvottaherbergi innan íbúðar. Suðursvalir. Frábært útsýni úr stofu til norðurs og vesturs. **Tvö svefnherbergi. Verð 39,9 millj.**

## 3JA HERB.



### Brekkubyggð –Garðabæ. 3ja herbergja íbúð með sérinnngangi.

92,0 fm íbúð með sérinnngangi og glæsilegu útsýni á góðum og grónum stað í Garðabæ. Stór sér lóð fylgir íbúðinni. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottaherbergi innaf forstofu, hol, 2 svefnherbergi, rúmgóða stofu, eldhús og flísalagt baðherbergi. Útsýni út á sjóinn, að Snæfellsjökli, yfir borgina og víðar. **Verð 23,9 millj.**




### Laugavegur

Glæsileg 88,7 fm. íbúð á 2. hæð í nýlegu húsi í miðbænum Svalir eru út á Laugavegin frá stofu og útgangur í þakgarð með heitum potti til suðurs úr hjónaherbergi. Nýtt parket og flisar eru á gólfum og nýjrir gólflistar. Hús nýlega málað að utan. **Mjög falleg og vönduð íbúð á frábærum stað. Verð 34,9 millj.**



### Hjallabrekka - Kópavogi. 3ja herb. íbúð með sérinnngangi

Mikið endurnýjuð og vel staðsett 110 fm. íbúð á 2. hæð, íbúð 0202. Rúmgóð stofa og borðstofa. Eldhús með nýrri sprautulakkaðri innréttingu og góðum borðkrók. Þvottaadstaða innan íbúðar. Hiti í gólfum að hluta. **Sér bílastæði og sér útigeymsla. Verð 24,9 millj.**



### Bjarkarás – Garðabæ. Efri sérhæð.

Falleg 145,0 fm. íbúð á efri hæð með sér innngangi í nýlegu og vönduðu litlu fjölbýli. Sér staði í lokaðri og upphitaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Stórar svalir til suðvesturs út af stofu með útsýni til sjávar. Opíð eldhús við stofu með eikarinnréttingum. 2 herbergi. Geymsla innaf þvottaherbergi. **Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 47,9 millj.**



### Heiðargerði.

Góð 77,7 fm. íbúð á jarðhæð í tvíbyliðshúsi með góðum garði á rólegum og barnvænum stað. Nýleg ljós innrétting í eldhúsi. Tvö herbergi. Parketlögð stofa. **Aðkoma góð og garður í rækt. Verð 18,6 millj.**



### Vesturvallagata.

Vel skipulögð og vel staðsett 77,4 fm. íbúð í góðu steinhúsi. Björt stofa með útgangi á flísalagðar svalir til suðurs. Falleg ar uppperðar eldri innréttingar í eldhúsi. Tvö góð herbergi. Sér geymsla í kjallara. **Laus til afhendingar strax. Verð 22,9 millj.**

## 2JA HERB.



### Grettisgata

Falleg 40,7 fm. íbúð á 2. hæð ásamt 31,0 fm. sér geymslu með gluggum í kjallara í miðbænum. Eldhús og baðherbergi endurnýjað fyrir nokkrum árum. Nýlegar svalir til suðurs úr svefnherbergi. Rúmgóð og björt stofa. Óeinaangrad risloft með glugga er yfir allri íbúðinni. **Stór baklóð í séreign. Verð 16,9 millj.**

# EINBÝLISHÚSALÓÐIR Í GARÐABÆ

Lóðirnar nr. 11, 13 og 15 við Rjúpnahæð í Garðabæ eru til sölu.

Lóðirnar eru frá 782,0 upp í 858 fm. og geta selst saman eða í sitthvoru lagi.

Byggingarhæfar strax, með greiddum gatnagerðargjöldum.

Verðtilboð.

## SUMARBÚSTAÐIR



### Heilsárshús í Skorradal

Glæsilegt 57,6 fm. vel staðsett heilsárshús í landi Indriðastaða, Skorradal. Húsið er byggt árið 2004 og stendur á 3.853,0 fm. leigulöð með miklum náttúrulegum gróðri. Víðarvernd í kringum bústaðinn. Frábært útsýni til Snæfellsjökuls og niður að Skorradalsvatni. **Bátaskýli fylgir niður við vatn. Verð 19,8 millj.**



### Sumarbústaður við Þingvallavatn við Hestvík.

59,1 fm sumarbústaður á einstökum útsýnisstað í landi Nesja við Hestvík. Húsið stendur á skógi vaxinni eignarlóð og skiptist í forstofu, stofu/borðstofu og eldhús í opnu rými, 3 herbergi og baðherbergi auk svefnlofts. **Stór timburvernd er umhverfis húsið. Verð 35,0 millj.**

# EIGNIR ÓSKAST

250-300 FM SNYRTILEGT LAGER- OG SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI ÓSKAST TIL KAUPS Í LINDUM, SMÁRUM, DALVEGI OG VOGUM EDA NÁGRENNI

STRIKID 2-10 SJÁLANDI- GARÐABÆ  
3JA HERBERGJA ÍBÚÐ ÓSKAST  
MEÐ YFIRBYGGÐUM SUÐURSVÖLUM OG STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU

ÓSKUM EFTIR 80 – 100 FM ÍBÚÐ Í LEITUM  
FYRIR TRAUSTAN KAUPANDA

MÍÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK  
ÓSKUM EFTIR UM 1.000 FM. LAGERHÚSNÆÐI MEÐ GÓÐRI LOFTHÆÐ  
AUK UM 300 FM. VERSLUNARÝMIS. VÖRUMÓTTAKA MEÐ AÐKOMU  
OG AÐSTAÐA FYRIR GÁMA SKILYRÐI.

100 FM ATVINNUHÚSNÆÐI ÓSKAST Á JARÐHÆÐ  
MEÐ SÉRINNGANGI Í HLÍÐUM, HOLTUM, MIÐBÆ EDA VESTURBÆ

VANTAR Í EFTIRFARANDI PÓSTNÚMERUM

- 101 - ÓSKUM EFTIR 2JA,3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐUM
- 101- ÓSKUM EFTIR EINBÝLISHÚSUM OG SÉRHÆÐUM
- 105- ÓSKUM EFTIR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐUM
- 105 – ÓSKUM EFTIR SÉRHÆÐUM
- 107 – ÓSKUM EFTIR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐUM
- 107- ÓSKUM EFTIR EINBÝLISHÚSUM OG SÉRHÆÐUM
- 210- ÓSKUM EFTIR ÖLLUM GERÐUM EIGNA



### Njálsgata.

Falleg og björt 69,7 fm. íbúð á 1. hæð á þessum eftirsóttá stað í miðbænum. Íbúðin var nánast öll tekin í gegn að innan árið 2004. Nýtt rafmagn sett í á sama tíma. Hátt til lofts og góð lýsing. Stór bakgarður með mikla möguleika. **Nýlegt gler í gluggum. Verð 19,9 millj.**



### Bragagata

Falleg 2ja herbergja 58,9 fm. íbúð í risi í þessu fallega steinhúsi í Þingholtunum. Eignin er talsvert endurnýjuð og skiptist í opíð eldhús, bjarta stofu, tvö herbergi og baðherbergi. Gengið er inn um séringgang í risi. **Sameiginlegur skjólsæll garður í góðri rækt. Verð 19,5 millj.**



Sverrir Kristinnson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali  
Guðmundur Sigurjónsson, löggæfingur, lögg. fasteignasali  
Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali  
